kjarninn
45. útgáfa – 26. júní 2014 – vika 26



LÚXEMBORG RANNSAKAR KAUPÞING

+ Kjarninn birtir kæru Samherja á hendur dómara

+ Stórfyrirtæki nota bit Suarez í markaðssetningu

+ Dóri DNA skrifar um meðlagsgreiðslur og ónytjunga

45. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

26. júní 2014 – vika 26



ÍÞRÓTTIR

Umfjöllun um Diambars-akademíuna í Senegal, þar sem knattspyrna gefur drengjunum von



SJÓNVARP

Sigríður Dögg Auðunsdóttir stofnar samfélagsmiðil fyrir konur



EFNAHAGSMÁL

Utanríkisráðuneytið mun gera TISA-samningin opinberan

Deilihagkerfið er að ryðja sér til rúms

Frumkvöðlar keppast við að heimfæra hugmyndafræði Airbnb og Uber á aðrar vörur og þjónustu.

Gleðst yfir fótbolta en þolir ekki Sepp Blatter

Magnús Geir Eyjólfsson, ritstjóri Eyjunnar, svarar sjö spurningum af æðruleysi og heiðarleika.

HM er líka hátíð hagfræðinga

Hafsteinn Hauksson skrifar pistil um hagfræðina í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu.

Hvaða broskall er vinsælastur á Twitter?

Notar þú slaka-broskallinn oftar en þann pirraða? Kjarninn fer yfir notkun tákna á Twitter.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Sony Center

FIFA WORLD CUP Brasil

Bravia
Hannað fyrir fótbolta



48"

Frábært verð - 5 ára ábyrgð
199.990.-

Glæsileg hönnun á frábæru verði
48" LED SJÓNVARP KDL48W605
Verð 199.990.-

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM



Örþunnt og flott
32" SJÓNVARP KDL32R435
Verð 99.990.-




Stórkostleg myndgæði
42" 3D LED SJÓNVARP KDL42W828
Tilboð 179.990.- **Verð áður 199.990.-**



Fæddur sigurvegari
55" 3D LED SJÓNVARP KDL55W955
Verð 449.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja **Borgartúni** / 569 7700 og **Kaupangi Akureyri** / 569 7645



LEIÐARI
Þórður Snær Júlíusson

Litla Ísland

Þórður Snær Júlíusson skrifar um stuttar boðleiðir, trúnað og hvernig Íslandi tekst aldrei að hrista spillinguna af sér.

Hinn 9. febrúar 2007 flutti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræðu á málþingi í Danmörku sem var skipulagt af Dansk Industri. Tilefnið var, eins og svo oft á þessum tíma, að útskýra og lofa íslenska efnahagsundrið og útrás íslenskra yfirburðamanna á sviði viðskipti. Á meðal annarra frummælanda voru Hannes Smárason, þá forstjóri FL Group, og Sigurður Einarsson, þá stjórnarformaður Kaupþings banka. Þeir hafa síðan báðir verið ákærðir fyrir stórfelld efnahagsbrot og fyrirtækin sem þeir stýrðu farið konunglega á hliðina. Héraðsdómur hefur raunar dæmt Sigurð í margra ára fangelsi en þeirri niðurstöðu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Í endursögn á ræðu forsetans sem hægt er að finna á heimasíðu embættisins segir: „Forsetinn rakti einnig ýmis sérkenni íslensks viðskiptalífs sem gert hefðu íslenskum athafnamönnum kleift að vinna marga sigra í samkeppni við stærri fyrirtæki á heimsmarkaði. Þar kæmi einkum til vinnusemi þjóðarinnar, áhersla á skjót viðbrögð, stuttar boðleiðir, trúnaður í samskiptum einstaklinga og sú staðreynd

að þjóðin hefði verið blessunarlega laus við þau svifaseinu skrifræðisbákn sem hömluðu framför í öðrum löndum.“

Hér verður ekki fjallað meira um þjóðernisdramb forsetans um að Íslendingar séu yfirburðamenn. Hér verður ekki fjallað um þá firru að eitthvað annað en ódýrt fjármagn sem streymdi til Íslands vegna hárra vaxta hér hafi gert íslenskum athafnamönnum kleift að vinna marga sigra í samkeppni við stærri fyrirtæki á heimsmarkaði. Hér verður meira að segja ekki fjallað um andúð forsetans á skrifræðisbákni (reglum?) né þá staðreynd að Íslendingum virðist skítsama um aðalhlutverk forsetans í þessum útrásarbrandara. Honum hefur enda verið fyrirgefið af Icesave-skelkaðri þjóð. Hér verður einungis fjallað um tvennt sem forsetinn nefndi og er líklega meira einkennandi en nokkuð annað fyrir okkar litlu og samofnu þjóð. Stuttar boðleiðir og trúnað í samskiptum einstaklinga.

„Það sem forsetinn og ýmsir viðskiptaforkólfar kalla stuttar boðleiðir og trúnað í samskiptum einstaklinga upplifa margir aðrir landar þeirra nefnilega sem spillingu og frændhygli.“

Spilling og frændhygli

Það sem forsetinn og ýmsir viðskiptaforkólfar kalla stuttar boðleiðir og trúnað í samskiptum einstaklinga upplifa margir aðrir landar þeirra nefnilega sem spillingu og frændhygli. Þeir sem hafa aðgang að upplýsingunum og peningunum strjúka þeim sem standa nærri með því að leyfa þeim að græða líka.

Það er stundum sagt að ef Íslendingur þekki ekki einhvern annan Íslending þekkir hann pottþétt einhvern sem þekkir hann. Við erum svo skyld og tengd að það hefur verið stofnað fyrirtæki utan um að rannsaka þann skyldleika. Það var raunverulega markaður fyrir app sem kemur í veg fyrir að við stundum óvart kynferðismök með einhverjum landa okkar sem er of skyldur til þess að slík athöfn þyki boðleg.

Smæðin og nálægðin skapar því mýmörg vandamál fyrir okkur, ekki bara í viðskiptalífinu. Það sést ágætlega á ýmsum málum sem upp hafa komið á undanförnum misserum. Þegar mál Baldurs Guðlaugssonar var tekið fyrir í Hæstarétti í

upphafi árs 2012 lýstu sex dómarar af tólf við réttinn sig vanhæfa til að dæma í málinu vegna kunningsskapar við Baldur. Þetta þótti óvenjulegt en var þó ekki einsdæmi samkvæmt skrifstofustjóra réttarins.

Á Alþingi verða þessir hagsmunaárekstrar oft sýnilegir. Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar þingsins, er til að mynda einn helsti baráttumaður þingheima fyrir hvalveiðum. Sonur Jóns á fyrirtæki sem veiðir hvali og selur kjöt þeirra.

Lekamálið svokallaða sýnir síðan betur en nokkuð annað vangetu okkur til að taka fagmannlega á málum. Þar rannsakar undirstofnun innanríkisráðherra yfirmann sinn og pólitíska aðstoðarmenn hans og á að taka ákvörðun um hvort ákæra eigi einhvern í málinu. Á meðan situr ráðherrann sem fastast sem æðsti yfirmaður löggæslu í landinu.

Nýr leikvöllur

Heimurinn er ekki lengur leikvöllur íslenskra athafnaskálda líkt og hann var í skamman tíma fyrr á þessari öld. Nú er leikvöllur þeirra Ísland varið höftum. Í stað þess að vinna sigra á stórum fyrirtækjum á heimsmarkaði með þýskt lánsfé úr bönkunum vinna þeir nú stóra sigra á íslenskum almenningi með því fé sem þeir komust undan með.

Það flytja þeir í bílförmum aftur inn fyrir höft með afsláttarleið Seðlabankans og kaupa hlutabréf, skuldabréf, fasteignir og annað tilfallandi á spottprís. Oft eru þessar eignir keyptar af sjóðum sjóðsstýringarfyrirtækja og raunverulegu eigendurnir faldir frá sjónum almennings, enda upplýsingar um hlutdeildarskírteinishafa ekki opinberar.

Stórar ákvarðanir teknar af litlum hópi

Enn gilda sömu reglur og forsetinn lofaði í Danmörku um árið. Stuttar boðleiðir og trúnaður á milli manna skilar bestum árangri. Það er sérstaklega hættulegt í samfélagi þar sem höft hafa hindrað öll eðlilegheit í á sjötta ár. Þeir sem hafa upplýsingar um það sem máli skiptir eru í lykilaðstöðu til að hagnast mjög. Þeir sem hafa þær ekki tapa.

EINGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI

NÝTT

PREMIUM

PIZZUR

PRÓFAÐU PREMIUM PIZZURNAR OKKAR, ÞÆR GERA GÓÐAN MATSEÐIL OKKAR ENN FJÖLBREYTTARI

BRÖNS ★ MEAT DELIGHT ★ ELDÓRADÓ ★ PRIMA



BRÖNS OG PRIMA ERU SAMSETTAR AF HREFNU SÆTRAN



WWW.DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | SÍMI 58 12345

Það er því nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að vanda vel til verka við slíkar aðstæður. Það er því miður ekki hægt að segja að við séum að gera það.

Hér eru þess í stað myndaðir alls kyns litlir hópar sem hafa það hlutverk að móta risastórar ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á daglegt líf okkar allra. Í þessa hópa veljast meðal annars starfsmenn fjármálafyrirtækja og tekið er af þeim drengskaparloforð um að misnota ekki upplýsingar sjálfum sér eða fyrirtækjum sínum til framdráttar. Þeir taka ákvarðanir um framtíð húsnæðismála og þá skuldabréfaútgáfu sem henni fylgir, skuldaniðurfellingar, afnám verðtryggingar, framtíðarskipan Seðlabanka og auðvitað mögulegt afnám gjaldeyrishafta. Allt er unnið í lokuðum bakherbergjum og meira að segja þingmenn fá ekkert að vita.

„Það var raunverulega markaður fyrir app sem kemur í veg fyrir að við stundum óvart kynferðismök með einhverjum landa okkar sem er of skyldur til þess að slík athöfn þyki boðleg.“

Nú er gróðapartíið að byrja aftur. Þótt leikvöllurinn sé annar en áður, og við búin að fara í gegnum hrunsrússíbana, hefur okkur ekki tekist að losna við þau sérkenni íslensks viðskiptalífs sem forsetinn sagði forðum að „gert hefðu íslenskum athafnamönnum kleift að vinna marga sigra“. Þvert á móti virðast þau lifa betra lífi en nokkru sinni áður á litla Íslandi.

Sakar dómara um lögbrot í starfi

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sakar Ingveldi Einarsdóttur dómara um að hafa ekki farið að lögum varðandi húsleitir hjá fyrirtækinu. Kjarninn birtir kæru Samherja í heild sinni.



DÓMSMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segir í kæru á hendur Ingveldi Einarsdóttur dómara að meðferð hennar varðandi kröfur um húsleitir hafi verið andstæð lögum. „Verulega hafi á skort að vinnubrögð umrædds héraðsdómara hafi verið í samræmi við lög þegar heimild til húsleitar og haldlagningar hafi verið veitt," segir orðrétt í kæru Þorsteins, sem birt er í heild sinni í Kjarnanum í dag. Kæran var lögð fram 23. júní síðastliðinn en á rætur sínar að rekja til úrskurða í tengslum við aðgerðir Seðlabankans gegn Samherja fyrir rúmlega tveimur árum. Málin eru enn til rannsóknar.

Ekki hægt að sannreyna

Þorsteinn Már, sem skrifar undir kæruna fyrir hönd Polaris Seafood ehf., segir að ekki hafi verið mögulegt að sannreyna gögn og fylgiskjöl sem voru meginrökstuðningur fyrir húsleitum í starfsstöðvum Samherja í marsmánuði 2012. „Rétt er að geta þess að hvorki kærandi né aðrir sem beiðnirnar beindust að hafa getað sannreynt að gögn og fylgiskjöl hafi yfir höfuð verið lögð fram fyrir hinn nýja dómara, þrátt fyrir að í úrskurðum hans sé vísað til þess að rannsóknargögn málsins liggi frammi og byggt sé á þeim. Ástæða þess er sú að umrædd gögn eru ekki í vörslum dómstólsins þrátt fyrir skýra og ófrávíkjanlega lagaskyldu þar að lútandi," segir í kærunni.

„Þorsteinn Már segir „þvingunaraðgerðir" þær sem farið var út í að morgni dags 27. mars 2012 hafa byggt á heimildum dómara þar um, sem hafi verið fengnar fram með meintum brotum á lögum."

Þorsteinn Már segir „þvingunaraðgerðir" þær sem farið var út í að morgni dags 27. mars 2012 hafa byggt á heimildum dómara þar um, sem hafi verið fengnar fram með meintum brotum á lögum. Er þar sérstaklega tiltekin 131. grein almennra hegningarlaga, þar sem vikið er að störfum dómara og opinberra starfsmanna. Í henni segir: „Ef dómari

Sumarið er tíminn

Tilboð í júní



Íslenskt kerfi fyrir einfaldan rekstur.

TOK bókhaldskerfi og launakerfi hentar vel þeim sem eru sjálfstætt starfandi sem og litlum fyrirtækjum í einföldum rekstri. Nota má snjallsíma og spjaldtölvur til að skrá beint í verkbókhald.

Allt um TOK á advania.is/TOK

advania
Welcome to IT

eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku,



Þorsteinn Már Baldvinsson
Þorsteinn Már telur dómara hafa staðið ólöglega að veitingu heimilda til þvingunaraðgerða gegnum Samherja og dótturfélögum.

fangelsun eða leit eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 3 árum.“

Vill ekki tjá sig

Þorsteinn Már telur að dómarinn hafi brotið gegn fyrrnefndu lagaákvæði með því að vanrækja könnun lagaskilyrða, boða fulltrúa kæranda ekki til þinghalds og þingmerkja ekki eða varðveita gögn.

Kæran er nú komin inn á borð Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er þar til meðferðar. Í samtali við Kjarnann sagðist Ingveldur Einarsdóttir ekki vilja tjá sig um kæruna á hendur henni.

Smelltu hér til að lesa kæru Samherja á hendur Ingveldi Einarsdóttur dómara í heild sinni.

Lögreglan í Lúx rannsakar Lindsor

Kaupþing lánaði félagi á Tortola, Lindsor Holding, á þriðja tug milljarða króna sama dag og neyðarlög voru sett. Rannsókn málsins hefur undið mikið upp á sig. Það hefur verið rannsakað bæði á Íslandi og í Lúxemborg.



DÓMSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Lögregluyfirvöld í Lúxemborg hafa haft Lindsor-málið svokallaða til rannsóknar árum saman og svo gæti farið að íslenskir stjórnendur Kaupþings, sem og aðrir Íslendingar sem tengjast málinu, verði saksóttir þar í landi.

Embætti sérstaks saksóknara rannsakar enn hluta málsins og mun taka ákvörðun á næstu misserum um hvort ákært verði í honum fyrir íslenskum dómstólum. Ákvörðunin verður tekin í samstarfi við lögregluyfirvöld í Lúxemborg og með tilliti til þess hluta málsins sem þar er til rannsóknar. Ákveði báðir aðilar að ákæra á grundvelli Lindsor-rannsóknarinnar gætu þeir sem þar eru til rannsóknar verið saksóttir í tveimur löndum vegna hennar, en þó ekki fyrir sömu sakir á báðum stöðum.

Sérstakur saksóknari framkvæmdi meðal annars réttarbeiðni hérlendis í fyrra vegna rannsóknarinnar í Lúxemborg. Samkvæmt heimildum Kjarnans hefur málið undið verulega upp á sig og snýst nú um mun fleiri fjármagnsfærslur en þær 171 milljónir evra, um 26,5 milljarða króna, sem voru færðar til félagsins Lindsor Holding Corporation í hruninu og var rót upphaflegrar rannsóknar íslenskra rannsóknaraðila.

„Hinn 6. október 2008 fékk Lindsor Holding Corporation, félag skráð á Tortóla-eyju, 171 milljón evra, um 26,5 milljarða króna á gengi dagsins í dag.“

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings og einn þeirra sem legið hafa undir grun í málinu, segir í samtali við Kjarnann að hann hafi ekkert heyrt af rannsókn sérstaks saksóknara á Lindsor-málinu í einhver ár. „Það er á sjötta ár síðan þeir gerðu húsleit heima hjá mér vegna þessa máls og á fimmta ár síðan ég var dæmdur í gæsluvarðhald vegna þeirrar rannsóknar, svo ég hef nú gert ráð fyrir að þeirri rannsókn sé hætt. Lögregluyfirvöld í Lúxemborg hafa ekki yfirheyrt mig vegna þessa máls né annarra mála.“

Hreiðar Már segist ekki geta að öðru leyti tjáð sig efnislega um einstök mál sem sérstakur saksóknari hefur verið að rannsaka á hendur honum.

NIVEA MEN

ÞAÐ BYRJAR HJÁ ÞÉR



ÞAÐ ER TIL BETRI LEIÐ TIL AÐ RÓA HÚÐINA

Prófaðu nýju NIVEA MEN Sensitive næringuna eftir rakstur.
Án alkóhóls og berst gegn sviða, kláða og roða.

*Ekkert Etanól



Stýrði í Lúxemborg
Magnús Guðmundsson stýrði Kaupþingi í Lúxemborg. Hann er einn þeirra sem hafa verið til rannsóknar vegna Lindsor-málsins.

Tugir milljarða til Tortola

Hinn 6. október 2008 fékk Lindsor Holding Corporation, félag skráð á Tortóla-eyju, 171 milljón evra, um 26,5 milljarða króna á gengi dagsins í dag, lánaða frá Kaupþingi. Lindsor var í eigu Otris, félags sem stjórnendur Kaupþings stýrðu og virkaði sem nokkurs konar ruslakista, afskriftasjóður utan efnahagsreiknings Kaupþings. Þangað var lélegum, og ónýtum, eignum hrúgað.

Lánið var veitt sama dag og Seðlabanki Íslands lánaði Kaupþingi 500 milljónir evra í neyðarlán og þremur dögum áður en Kaupþing hrundi.

Lánið til Lindsor var aldrei borið undir lánanefnd Kaupþings. Það var notað til að kaupa skuldabréf af Kaupþingi í Lúxemborg, einstökum starfsmönnum þess banka og félagi í eigu Skúla Þorvaldssonar, vildarviðskiptavinar Kaupþings. Í greinargerð sérstaks saksóknara sem fylgdi

gæsluvarðhaldsbeiðni yfir Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, í maí 2010, segir að „tilgangur viðskiptanna hafi verið sá að flytja áhættuna af fallandi verðgildi skuldabréfanna af eigendum þeirra og yfir á Kaupþing á Íslandi“. Gögn benda auk þess til þess að Lindsor hafi keypt skuldabréfin á mun hærra verði en markaðsverði.

Þegar Kaupþing féll þremur dögum eftir kaupin á bréfunum var ljóst að Lindsor gat ekki greitt lánið til baka, enda eina eign félagsins verðlitlu skuldabréfin sem félagið hafði keypt á yfirverði þremur dögum áður. Engar tryggingar voru veittar fyrir láninu og tap kröfuhafa Kaupþings vegna þess var því gríðarlegt. Þeir sem seldu bréfin losuðu sig hins vegar undan ábyrgðum og tryggðu sér sömuleiðis marga milljarða króna í gróða. Og gróðinn var í evrum þannig að hann margfaldaðist í íslenskum krónum þegar íslenska krónan féll.

EIGNUM SEM SKILUÐU TAPI VAR KOMIÐ FYRIR Í OTRIS OG FERRADIS

Otris S.A. var stofnað af starfsmanni Búnaðarbankans til að kaupa hlutabréf í bankanum sjálfum í janúar 2002. Bréfin átti að nota til að mæta kaupréttarsamningum sem gerðir höfðu verið við lykilstjórnendur bankans. Þeir áttu síðan að innleysast árið 2004. Áður en kom að þeirri dagsetningu hafði margt gerst sem breytti stöðu mála. Lykilstarfsmenn bankans höfðu flutt sig yfir til Landsbankans í kjölfar einkavæðingar og þegar kom að því að selja bréfin í september 2004 voru þeir sem áttu að innleysa kaupréttina að mestu farnir. Í staðinn voru komnir stjórnendur Kaupþings, sem hafði sameinast Búnaðarbankanum í millitíðinni.

Bréfin voru seld með miklum hagnaði. Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi fjármálastjóri Kaupþings, var spurð um það við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis hvað hefði orðið um þennan hagnað: hvort hann hefði verið látinn sitja eftir í Otris, og öðru félagi sem var notað í sama tilgangi og hét Ferradis, eða hvort hann hefði verið fluttur heim í móðurbankann. Hún svaraði: „Ég veit...það er ekki komið heim...ég er viss um það.“

Árið 2007 virðist Otris hafa risið úr dvala. Vafningar sem Kaupþing hafði keypt og voru farnir að tapa miklu fé voru þá seldir þangað inn. Kaupþing lánaði Otris, og Ferradis, fé til að kaupa vafningana. Með þessum hætti gátu stjórnendur Kaupþings falið slæma fjárfestingu í aflandsfélögum sem þeir sjálfir stjórnuðu. Þeir lánuðu síðan aflandsfélögunum tveimur fé almenningshlutafélagsins Kaupþings til að kaupa ónýtu eignirnar af sér. Með þessum snúningi gat bankinn ekki bara falið tapið heldur einnig skráð lán til eigin félags sem eign í ársreikningi sínum. Alls skulduðu félögin tvö Kaupþingi 28,5 milljarða króna í upphafi árs 2008.

Otris var skráður eigandi Lindsor Holdings Corporation, sem fékk 26,5 milljarða króna lánaða frá Kaupþingi 6. október 2008, eða jafnvel síðar, til að kaupa skuldabréf bankans sem þá var annaðhvort fallinn eða alveg við það að falla.

Skjöl talin fölsuð

Embætti sérstaks saksóknara telur, samkvæmt greinargerðum sem það hefur lagt fram vegna rannsóknar á Lindsor-málinu, að þau skjöl sem lánasamningur Kaupþings við Lindsor byggði á hafi verið útbúin og undirrituð í nóvember og desember 2008, töluvert eftir fall Kaupþings. Skjölin eru því talin fölsuð bæði hvað varðar efni og dagsetningar.



Forstjórinn fyrrverandi
Hreiðar Már Sigurðsson segist gera ráð fyrir að Lindsor-rannsókninni hafi verið hætt. Svo er hins vegar ekki.

Þau eru undirrituð af Hreiðari Má Sigurðssyni og nokkrum starfsmönnum Kaupþings í Lúxemborg og rannsakendur telja að Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi fjármálastjóri Kaupþings, hafi haft milligöngu um frágang þeirra. Guðný Arna var á þeim tíma enn starfandi hjá Nýja Kaupþingi, sem var byggt á grunni hins fallna Kaupþings, og hafði setið í skilanefnd gamla bankans. Hún hætti ekki störfum í bankanum fyrr en í lok desember 2008.

Þeir sem liggja undir grun í málinu gáfu á sínum tíma þær skýringar að skjölin hefðu verið undirrituð eftir á að kröfu skiptastjóra Kaupþings í Lúxemborg, sem var á þeim tíma í fjárhagslegri endurskipulagningu. Hann var skömmu síðar keyptur af David Rowland og fjölskyldu hans og endurnefndur Banque Havilland. Undir því nafni starfar hann enn í dag. Þessar skýringar eru ein ástæða þess að málið er rannsakað af yfirvöldum í Lúxemborg.


FRJÁLS FERÐA ÞINNA
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 5956000 | SKJARINN.IS



Umfangsmiklar húsleitir og eignir frystar

Í mars 2011 réðust sérstakur saksóknari, Serious Fraud Office í Bretlandi og lögreglan í Lúxemborg í víðtækustu húsleitir sem farið hafa fram í Lúxemborg. Yfir 70 manns tóku þátt í þeim og leitað var á fimm stöðum. Leitað var í fyrirtæki Skúla Þorvaldssonar, sem er enn með umfangsmikla starfsemi í Lúxemborg, heima hjá Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni og hjá ráðgjafarfyrirtækinu Consolium, sem var að hluta í eigu Hreiðars Más. Hópurinn dvaldi alls í ellefu daga í Lúxemborg og lagt var hald á annað hundrað kílóa af gögnum. Hann yfirheyrði alls um 15 manns, allt erlenda ríkisborgara sem annaðhvort unnu í Kaupþingi í Lúxemborg fyrir hrun eða sinntu ráðgjafarstörfum fyrir bankann. Þetta var í annað sinn á tveimur árum sem embættis sérstaks saksóknara réðst í húsleitir og yfirheyrslur í Lúxemborg.

Í kjölfarið voru eignir Skúla Þorvaldssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar, Magnúsar Guðmundssonar og fleiri í Lúxemborg kyrrsettar. Það var gert að beiðni bæði embættis

sérstaks saksóknara og yfirvalda í Lúxemborg. Mest áhersla var lögð á að fá eignir Skúla Þorvaldssonar og félaga sem hann var skráður fyrir kyrrsettar þar sem sérstakur saksóknari taldi að í félögunum væri að finna milljarða króna ágóða af gerningum sem mögulega vörðuðu við lög. Samhliða var ráðist í rannsókn á því hvort Skúli hefði verið raunverulegur eigandi umræddra félaga eða hvort hann hefði verið að „leppa“ þau fyrir helstu stjórnendur Kaupþings. Uppi var sem sagt raunverulegur grunur um að stjórnendur Kaupþings hefðu falið marga milljarða króna sem runnið hefðu út úr Kaupþingi sama dag og bankinn fékk neyðarlán frá Seðlabanka Íslands í þessum félögum Skúla.

Verið var að leita að ágóðanum af Lindsor-láninu.

Ákært í öðrum málum

Síðan þessar aðgerðir áttu sér stað eru liðin rúm þrjú ár og Lindsor-málið er enn í rannsókn. Sérstakur saksóknari hefur á þeim tíma ákært helstu stjórnendur Kaupþings, og ýmsa aðra, í þremur stórum málum og héraðsdómur þegar dæmt þá Hreiðar Má, Magnús, Sigurð Einarsson og Ólaf Ólafsson í þunga fangelsisdóma í Al-Thani málinu svokallaða. Þeirri niðurstöðu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem mun taka hana fyrir í lok þessa árs. Ekkert bólar hins vegar á niðurstöðu í Lindsor-málinu.

Samkvæmt heimildum Kjarnans er ástæðan sú að umfangsmikil sakamálarannsókn vegna Lindsor-málsins hafi verið í gangi hjá lúxemborgskum yfirvöldum árum saman. Sú rannsókn er langt komin. Heimildarmaður Kjarnans sagði orðrétt að „það styttist í lokaákvörðun í þessu“. Búist er við að hún muni liggja fyrir á allra næstu mánuðum.



Ferðamannastraumurinn að ná hámarki

Yfir hásumarið má búast við því að fjöldi ferðamanna á Íslandi nái hámarki. Ferðalöngunum ætti ekki að leiðast á meðan þeir eru hér á landi enda er boðið upp á gríðarlegan fjölda skipulagðra ferða og afþreyingar, svo ekki sé minnst á allan þann fjölda veitingahúsa og afdrepa sem sprottið hafa upp í miðbæ Reykjavíkur að undanförnu.

En það ferðast ekki allir með rútum. Sumir koma hingað gagngert til að hjóla og tjalda í auðninni á hálendinu, baða sig í náttúrulaugum og reyna að tengjast fjöllunum. Aðrir kjósa að aka sjálfir en til þess þurfa þeir að öllum líkindum bílaleigubíl. Í sextán af helstu flugvöllum Evrópu er lang dýrast að leigja bíl í Keflavík. Þetta kom fram í samantekt Túrista.is í byrjun mánaðar. Fréttablaðið komst að sömu niðurstöðu í sinni könnun. Verðið hækkar yfir sumarið, en í ágúst er dýrast fyrir ferðamenn að leigja bíl til að sjá undur Íslands á eigin vegum. **BÞH**


Í hvert skipti sem þú kaupir flösku af Toppi, gefur þú 3 LÍTRA af hreinu vatni til Afríku.
Rauði krossinn
SLÖKKTU MEIRA EN ÞINN EIGIN ÞORSTA
1 TOPPUR 3 LÍTRAR AF VATNI TIL AFRÍKU
LEIÐIN AÐ VATNINU
Hvernig væri dagurinn þinn ef þú þyrftir að ganga 6 km eftir 20 lítrum af vatni?
ÝTTU HÉR
Nánari upplýsingar á: facebook.com/toppur
toppur
LÉTT KOLSÝRÐUR
Toppur is a registered trademark of The Coca-Cola Company. © 2013.

Endanlegur TISA-samningur verður gerður opinber

Utanríkisráðuneytið segir það undir hverju ríki komið hvernig það fari með upplýsingar úr TISA-viðræðunum. Á skjölum úr þeim segir að ekki megi birta slíkar upplýsingar í fimm ár.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Utanríkisráðuneytið deilir ekki mati alþjóðlegra stéttarfélaga sem telja að TISA-samkomulagið muni auka hagnað alþjóðlegra stórfyrirtækja á kostnað réttinda þeirra og hagsæld þeirra sem verra hafa það. Markmiðið með þátttöku Íslands í TISA-viðræðunum er að gera íslensk fyrirtæki sem stunda þjónustuviðskipti „betur samkeppnishæf á heimsvísu og draga úr viðskiptahindrunum“. Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Kjarnans um TISA-viðræðurnar.

Ráðuneytið svarar því ekki beint hvort Ísland sé að gefa frá sér rétt til aðgerða með því að taka þátt í TISA-samkomulaginu, en alþjóðleg stéttarfélög hafa gagnrýnt að það muni koma í veg fyrir að ríkisstjórnir geti gripið til aðgerða á þjóðréttarlegum grunni á þeim sviðum sem samkomulagið mun ná yfir. Í svari ráðuneytisins við þeirri spurningu segir: „Ísland, í gegnum þátttöku sína í TISA viðræðunum, hefur tækifæri til þess að hafa áhrif á niðurstöðu samningsins. Mikilvægt er að í samningum sé tekið tillit til hagsmuna íslenskra fyrirtækja og tryggja sem best aðgengi íslenskra þjónustuveitenda á erlendum mörkuðum. Sem aðilar að GATS og öðrum fríverslunarsamningum höfum við gengist við svipuðum skuldbindingum.“

Utanríkisráðuneytið svarar því heldur ekki beint hversu margir embættismenn komi að TISA-viðræðunum: „Eins og venja er með samningsviðræður af þessu tagi er enginn einn með málið, heldur er þetta samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, fagráðuneyta og undirstofnana þeirra auk fastanefndar Íslands í Genf. Þannig eru margar hendur sem koma að þessu verkefni, samhliða öðrum.“

Ætla að opinbera endanlegan samning

Kjarninn og valdir fjölmiðlar víða um heim birtu í síðustu viku, í samstarfi við Wikileaks, skjöl úr yfirstandandi TISA-viðræðum um aukið frelsi fjármálaþjónustu á alþjóðamörkuðum. Skjölin eru dagsett 14. apríl 2014 og höfðu þá aldrei birst opinberlega áður. Í þeim kom fram skýr vilji

hjá þeim um 50 þjóðríkjum sem aðild eiga að viðræðunum að vinda ofan af því regluverki sem sett hefur verið á fjármálaþjónustu eftir hrun og setja upp einhvers konar yfirþjóðlegan gerðardóm til að taka ákvarðanir um deilumál sem munu spretta upp á milli fjármálafyrirtækja og þjóðríkja í framtíðinni.

Enn fremur kom fram í skjölunum að um þau ríkti mikil leynd. Viðræðurnar þykja enda gríðarlega viðkvæmar, enda er verið að sýsla með grundvallarréttindi á vettvangi sem í raun lýtur engum reglum. Á forsíðu skjalanna segir meðal annars að ekki megi aflétta trúnaði á þeim fyrr en fimm árum eftir að TISA-samkomulagið taki gildi eða fimm árum eftir að viðræðunum ljúki, fari svo að samningar náist ekki. Á skjölunum stendur skýrt að þau verði að „vera vistuð í lokaðri eða öruggri byggingu, herbergi eða hirslu“. Sú leynd sem krafist er í skjalinu er í andstöðu við þá yfirlýstu stefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (e. WTO) að auka gegnsæi í yfirþjóðlegum viðskiptasamningum. Enda fara viðræðurnar ekki fram innan vébanda þeirrar stofnunar né lúta reglum hennar.

EKKERT LIGGUR FYRIR UM HVERNIG NEFNDIR EÐA GERÐARDÓMAR VERÐA SKIPAÐIR

Önnur gagnrýni sem alþjóðleg stéttarfélög hafa sett fram er sú að með TISA-samkomulaginu, og öðrum slíkum yfirþjóðlegum viðskiptasáttmálum, sé verið að festa í sessi rétt fjárfesta stórfyrirtækja og koma í veg fyrir að ríkisstjórnir geti gripið til aðgerða á fjölmörgum sviðum sem tengist viðskiptum. Í TISA-viðræðunum er meðal annars gert ráð fyrir að settar verði upp nefndir eða gerðardómar sem úrskurði um hvort t.d. lög þjóðríkis séu í andstöðu við TISA-samkomulagið óski aðrir, til dæmis fyrirtæki, eftir slíkum úrskurði.

Er utanríkisráðuneytið sammála þessari gagnrýni?
„Í alþjóðlegum viðskiptasamingum (GATS, fríverslunarsamningar) er kveðið á um lausn deilumála sem koma upp á grundvelli viðkomandi samnings. Samningarnir kveða á um að samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessara samninga og gera sitt ítrasta til þess að finna lausn með samvinnu og samráði sem allir aðilar geti sætt sig við um þau málefni sem hafa áhrif á framkvæmd samningsins. Hins vegar finnist ekki lausn á deilum innan ákveðins tímafrests er hlutaðeigandi aðilum heimilt að vísa málinu til gerðardóms (í tilfelli t.d. EFTA fríverslunarsamninga eru þrír aðilar í gerðardómi, vegna GATS er málinu vísað til Council for Trade in Services á grundvelli Dispute Settlement Understanding innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.)“

Hvernig verður valið í þær nefndir eða gerðardóma sem fjallað er um í viðræðunum og munu Íslendingar eiga fulltrúa í þeim?
„Ákvæði samningsdraganna um úrskurðarnefndir eru enn í þróun og ekki liggur fyrir hvernig þessum málum verði háttað.“

UMSLAG

LÁGMÚLI 5 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 533 5252 | WWW.UMSLAG.IS

ÖRYGGI
YKKAR ÖRYGGI
OKKAR ÁBYRGÐ

ER PRENTUN Á ÁRSSKÝRSLU FRAMUNDAN?

Við hjá Umslagi sérhæfum okkur í vinnslu á trúnaðargögnum.







- ISO 27001 vottun
- Svansvottun
- Framúrskarandi fyrirtæki 2013
- Prentun
- Pökkun
- Póstsendum
- 100% trúnaður

Fáðu tilboð
sími 533 5252
www.umslag.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

UMHVERFISVOTTAÐ FYRIRTÆKI

bsi. ISO/IEC 27001 Information Security Management
IS 594468

Kíktu á okkur á facebook.com/umslag

Uppsetning og hönnun Umslag

Utanríkisráðuneytið segir að endanlegur samningur verði gerður opinber, þótt það sé sérstaklega tekið fram í skjölunum að þau verði það ekki. „Í alþjóðlegum viðræðum er ávallt um trúnaðarupplýsingar að ræða sem tengjast hagsmunum hvers ríkis. Að öðru leyti er það undir hverju ríki komið hvernig það fer með þær upplýsingar sem það leggur fram í viðræðunum. Að sjálfsögðu mun endanlegur samningur verða opinber.“

Hagsmunir fyrirtæki og aðgengi mikilvægir

Meginákersla Íslands í viðræðunum er á að ná sem bestum kjörum fyrir fyrirtæki á sviði hátækni og orkumála og á sviði alþjóðlegra sjóflutninga. „Ísland og Noregur standa sameiginlega fyrir hugmyndum vegna orkutengdrar þjónustu en íslensk fyrirtæki eiga mikilla hagsmuna að gæta í útflutningi á þjónustu tengdri jarðhita og vatnsaflsvirkjunum. Þá hefur utanríkisráðuneytið kallað eftir upplýsingum um hagsmuni íslenskra fyrirtækja á sviði þjónustuviðskipta erlendis í samstarfi við ... hagsmunasamtök fyrirtækja á þessu sviði,“ segir í svari ráðuneytisins, sem Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi þess, er skrifuð fyrir.



HVAÐ ER TISA OG HVERJU ER VERIÐ AÐ REYNA AÐ NÁ FRAM?

TISA stendur fyrir Trade In Services Agreement. Viðræðurnar sem nú standa yfir eru marghliða og snúast um að auka frelsi í þjónustuviðskiptum milli landa. Yfirlýst markmið þeirra er að fækka hindrunum í vegi fyrirtækja sem starfa á vettvangi þjónustuviðskipta og auka gegnsæi í milliríkjaviðskiptum með þjónustu. Samningsviðræðurnar skipta Ísland miklu máli enda spanna þátttökuríkin helstu markaðssvæði íslenskra fyrirtækja. Auk einstakra ríkja er Evrópusambandið aðili að viðræðunum.

Samkvæmt skýrslu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Alþingis, sem skilað var inn í mars 2014, eru þjónustuviðskipti nú 36 prósent af heildarviðskiptum Íslands við umheiminn. Þau hafa aukist mikið á síðustu misserum, sérstaklega samhliða ótrúlegum vexti í ferðaþjónustu, sem nú er orðin ein helsta stoð íslensks atvinnulífs. Langflestir Íslendingar starfa líka við þjónustustarfsemi. Árið 2012 átti það við um 76 prósent vinnandi fólks. Meðal þeirra eru starfsmenn í fjármálageiranum, blaðamenn, starfsmenn í verslun, þeir sem sinna opinberri þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga og svo framvegis.

Þrátt fyrir þetta mikla mikilvægi þjónustustarfsemi fyrir heiminn hefur einungis einu sinni verið gerður almennur alþjóðlegur samningur um þjónustuviðskipti. Hann gengur undir nafninu GATS og gekk í gildi árið 1995. GATS-samningurinn er fjarri því að vera óumdeildur þótt hann beri ekki oft á góma í þjóðfélagsumræðunni. Fimm þingmenn Vinstri grænna lögðu til dæmis fram þingsályktunartillögu haustið 2003 þar sem meðal annars var óskað eftir því að gerð yrði úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi. Í greinargerð með tillögunni sagði: „GATS-samningurinn hefur færst æ meira í sviðsljósið síðastliðin 2–3 ár í kjölfar þess að verkalýðsfélög, sjálfstæðir rannsóknaraðilar, háskólar, rannsóknarnefndir þjóðþinga sem og frjálsir félagahópar og samtök, hafa tekið hann til skoðunar. Gagnrýni á samninginn hefur ekki síst beinst að áhrifum hans á stjórnunarhætti hvers þjóðríkis sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sjálfstæði og sjálfræði innlendra stjórnvalda og þær almennu breytingar á félagslegu og efnahagslegu umhverfi sem af samningnum hljótast. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær skuldbindingar sem ríki gera undir GATS-samningnum eru nánast óafturkræfar og því geta einstaka ríkisstjórnir bundið hendur komandi kynslóða með þvílíkum hætti að vart finnast sambærileg dæmi í öðrum alþjóðlegum viðskiptasamningum.“

Og nú á að hlaða í uppfærða útgáfu á yfirþjóðlegum þjónustusamningi til að þjóna þörfum nútímaviðskipta.

Í svarinu segir að tilboð Íslands í viðræðunum sé að mestu leyti hið sama og lagt var fram í Doha-samningaviðræðunum um aukið frelsi í heimsviðskiptum, sem fóru fram innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og hófust árið 2001. Pattstaða hefur verið uppi í þeim viðræðum árum saman, aðallega vegna þess að mörg ríki, meðal annars Ísland, hafa lagt áherslu á að vernda rétt sinn til að niðurgreiða landbúnað. Eini munurinn á Doha og TISA-tilboðinu er sá að „metnaði Íslands á sviði orkutengdrar þjónustu er bætt við“.



Sigldu í strand
Ástæða þess að ráðist var í TISA-viðræðurnar var sú að sambærilegar viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar (WTO) sigldu í strand. Hér sést Roberto Azevêdo, framkvæmdastjóri WTO, ásamt Ban Ki-moon, aðalritara SÞ, Christine Lagarde, yfirmanni AGS og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Mynd: AFP

Ósammála gagnrýni

Alþjóðasamtök starfsfólks í almannaþjónustu (PSI) hafa gagnrýnt TISA-viðræðurnar harðlega. Í skýrslu sem þau gáfu út vegna þeirra í lok apríl síðastliðins segir meðal annars að viðræðurnar séu vísvitandi tilraun til að auka hagnað stærstu og ríkustu fyrirtækja og þjóðríkja heims á kostnað þeirra sem verst hafa það. Verði samkomulagið að veruleika muni það auka ójöfnuð gríðarlega.

Utanríkisráðuneytið deilir ekki þessu mati heldur segir sjónarmiðið sýna fram á mikilvægi þess að eiga breitt samráð um framgang málsins, en ráðuneytið hefur staðið fyrir upplýsingafundum með atvinnulífinu og hagsmunaaðilum um ferlið og stöðu viðræðna. „Hér hefur hópur ríkja (50 þátttökuríki í dag) tekið sig saman um að reyna á að liðka fyrir viðskiptum sín á milli á sviði þjónustu og draga úr hindrunum í slíkum viðskiptum. Hvert og eitt ríki ákveður hvaða markaðsaðgang það veitir byggt á gildandi innlendri löggjöf.“


OFBELDI ER ÚTBREIDDASTA MANNRÉTTINDABROT Í HEIMI.
SAMAN GETUM VIÐ BREYTT ÞVÍ.
Gakktu í Systralagið!
www.unwomen.is · Sími 552 6200
UN WOMEN
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women
ÍSLENSK LANDSNEFND

Umbrotatímar deilihagkerfis

Airbnb og Uber eru að ryðja brautina fyrir rafræn markaðstorg. Frumkvöðlar keppast við að heimfæra hugmyndafræðina á ýmsa aðra vöruflokka og þjónustu.



NÝSKÖPUN

Jökull Sólberg Auðunsson
@jokull

Heimsmeistaramót FIFA í Brasilíu trekkir að 3,7 milljónir ferðamenn þetta árið. Flestir þeirra gista á hótelherbergjum eða gistiheimilum eins og við má búast. Einn af hverjum fimm hefur hins vegar kosið að hreiðra um sig í íbúðum heimafólks.

Brasilíumenn eru þekktir fyrir hlýlegt viðmót en svo er ekki að gistiplássin standi fólki til boða án endurgjalds. Plássin voru öll auglýst til leigu á vefsíðunni Airbnb.

Deilihagkerfið

Airbnb er eitt þeirra fyrirtækja sem kenna sig við deilihagkerfið (e. sharing economy). Fjárfestar binda vonir við að deilihagkerfið ryðji sér til rúms og að með rafrænum markaðstorgum megi auka nýtni, sem skili sér til neytenda í hagkvæmni og fjölbreyttari framboði. Vaxtarmöguleikar þessara sprota eru miklir, þar sem framboð og eftirspurn á vörum og þjónustu er mætt af notendum síðunnar en ekki virðiskeðju fyrirtækisins. Fjárfesting og eign þessara félaga er mæld í notendafjölda og virkni fremur en afkastagetu verksmiðja og fjölda sölustaða.

„Skoðanakannanir benda til þess að enn örli á íhaldssemi í fólki, þ.e. að fæstir vænti þess að drýgja tekjur af því að finna fleirum not á eigum sínum.“

Airbnb lauk nýverið fjármögnun þar sem fyrirtækið var metið á 10 milljarða dollara. Verðmatið þótti mörgum merki um bólumyndun í nýsköpunarfjárfestingu líka þeirri sem sprakk um aldamótin. Fyrirtækið var stofnað fyrir aðeins sex árum með einfalda hugmynd um að tengja saman ferðalanga og eigendur svefnsófa. Í dag er eigendum fasteigna gert kleift að leysa úr læðingi falið virði eigna sinna og hámarka nýtni með því að leigja pláss til fólks, hvort sem um ræðir aukaherbergi, tréhús úti í garði eða heilu sveitavillurnar með sundlaugum og det hele. Með einfaldri leit á vefsíðu Airbnb má sjá að hundruð manns hér á landi drýgja tekjur sínar með þessum hætti yfir sumarmánuðina.



Ferðamenn flykkjast að Heimsmeistaramótið í Brasilíu trekkir að 3,7 milljónir ferðamanna. Um fimmtungur þeirra gistir í íbúðum heimafólks.

Úr 30 þúsund í 300 þúsund gistinætur

Airbnb teygir nú anga sína til 190 landa og þúsunda borga. Á fimmtudeginum 19. júní 2012 voru 30.000 gistinætur bókaðar á vefnum. Nú í síðastliðinni viku á sama degi voru þær 300.000 talsins. Þjónustan innheimtir þóknun fyrir hverja bókun en sleppur við ýmsan rekstrarkostnað sem hefðbundin hótel og gisthús þurfa að standa undir. Samanburðurinn er áhugaverður en rekstrarmódelið er í raun gjörólíkt.

Uber sniðgengur þröngt regluverk

Svipaða sögu er að segja af leigubílafyrirtækinu Uber. Nýjungin þar felst í að bóka far með aðstoð snjallsíma. Appið sér um að finna næstu Uber-bifreið, mæla vegalengd, gjaldfæra, birta skráningu bílstjórans, áætla ferðatíma og svo framvegis. Í London var þjónustunni nýverið hleypt af stokkunum en viðtökur voru miður góðar hjá handhöfum leigubílaleyfa. Ökumenn hinna einkennandi svörtu leigubíla í Lundúnum sjá fram á harðnandi samkeppni og mótmæltu með því að stöðva víðs vegar umferð. Uber sniðgengur þröngt regluverk og eftirlit leigubíla með umdeildum krókaleiðum, þ.e. með því að skilgreina sig ekki sem leigubílaþjónustu heldur annars vegar eðalvagnaþjónustu eða bílaleigu eftir því hvort hentar betur hverju sinni.

Hér á landi ganga leigubílaleyfi sölum manna á milli fyrir

SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!

KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**

háar fjárhæðir þar sem framboð á leyfum er langt undir eftirspurn. Með núgildandi fyrirkomulagi eru stjórnvöld annars vegar að koma til móts við neytendur með eftirliti og hins vegar gagnvart bílstjórum. Þá eru leigubílastöðum tryggðar tekjur með takmörkuðu framboði. Hvarvetna sem Uber drepur niður fæti storkar snjallþjónustan þessu jafnvægi – eða öllu heldur ójafnvægi. Í mörgum borgum hefur þjónustan verið bönnuð með öllu til að vernda stétt leigubílstjóra. Dæmi eru um að bréfaskriftir til embættisfólks og áróður í fjölmiðlum hafi undið ofan af þeim bönnum.



Snjalllausnir greiði götu deilihagkerfisins

Nýsköpunarsjóðir binda vonir við að snjalllausnir greiði götu deilihagkerfisins á fleiri sviðum. Frumkvöðlar keppast við að heimfæra hugmyndafræðina á ýmsa vöruflokka og þjónustu. Skoðanakannanir benda til þess að enn örli á íhaldssemi í fólki, þ.e. að fæstir vænti þess að drýgja tekjur af því að finna fleirum not á eigum sínum, eða ímyndi sér að nýta slíka þjónustu. Ef til vill fer það eftir kynslóðum hvort fólk getur hugsað sér að veita ókunnugum aðgang að íbúðinni sinni yfir helgi eða lána kjól til konu í næstu götu í sömu mittisstærð.

Yngri kynslóðir þekkja það úr sjónvarpsþáttunum Friends að á Manhattan er búseta óraunhæf fyrir flesta ef hver og einn gerir kröfu um eigin inngang, bað og eldhús. En með því að deila er hægt að auka lífsgæði með betri nýtingu og lifa í sátt og samlyndi með félögum sínum og lífsföruneyti. Tæknilegir þættir og fjárhagslegir hvatar spila þó eflaust stærra hlutverk í vexti og þeim vonum sem fjárfestar binda við fyrirtækin. Upplýsingaöldin hefur gert samskipti einfaldari og hagkvæmari. Þar sem fyrir var tölvupóstur og spjallborð er nú fjölbreytt flóra af sérhæfðari lausnum knúnum af tölvuskýinu.

Mótmæli
Leigubílstjórar víða um heim eru æfir vegna uppgangs Uber. Hér sjást leigubílstjórar á Spáni mótmæla fyrirtækinu.



Viðskiptasaga skráð

Eitt af því sem markaðstorgin í deilihagkerfinu eiga sameiginlegt er að viðskiptasaga allra aðila er skráð. Hvers kyns ósæmilega hegðun má skrásetja í umsögnum með tilheyrandi refsistigum. Slíkt dregur úr möguleikum þess sem hlýtur umsögn á að eiga í frekari viðskiptum. Einstaklingur með þúsund jákvæðar umsagnir á uppboðsvefnum eBay vill ekki sverta orðspor sitt og keppist við að halda þeim prófíl til að auka líkur á því að næsti kaupandi láti slag standa.

Þegar óforskammaður leigjandi á Airbnb skilaði íbúð í rúst um mitt árið 2011 bar á mikilli neikvæðri umfjöllun. Þjónustan brást fljótt við og kynnti strax víðtækar innbústryggingar fyrir alla að kostnaðarlausu. Svo virðist sem eignaspjöll séu svo fá að Airbnb geti tekið fjárhagslegu óþægindin sem þeim fylgja á sig. Þrátt fyrir slíkar tryggingar liggur í augum uppi að ætli leigjandi að hafa greiðan aðgang að markaðstorginu aftur er betra að safna sér plúsum en mínusum. Tilraunin sem byrjaði fyrir sex árum heppnaðist.

Nýtum auðlindir jarðar betur

Deiliþjónustur eiga margar hverjar undir högg að sækja vegna úrelts regluverks og óskýrrar lagasetningar. Dæmin um hörð viðbrögð leigubílstjóra við Uber eru mörg og til undantekninga er að snjallsímalausnin ryðji sér til rúms í borgum án nokkurra mótmæla eða þvælings í stjórnsýslu. Í tilfelli orlofshúsaþjónustunnar Airbnb hafa þau mál verið til skoðunar hjá Ríkisskattstjóra hér á landi síðan sumarið 2013. Fæstir afla sér tilskilinna gistileyfa til að breyta unglingaherbergi í ferðamannagistingu tvær til þrjár vikur á ári. Það er hins vegar siðferðisleg skylda okkar að fagna öllum þeim framförum sem stuðla að betri nýtingu auðlinda jarðar. Með skýrri kröfu til skjótrar en skynsamlegrar aðlögunar regluverksins má bæta hag okkar allra til lengri tíma. Það þarf ekki að deila um.

Bitastæð markaðssetning

Stórfyrirtækin sáu Suarez glefsa í Chiellini

Það er óhætt að segja að helstu samfélagsmiðlar heims hafi farið á flug eftir umtalað atvik í leik Úrugvæ og Ítalíu á þriðjudaginn, þegar Luis Suárez sóknarmaður Úrúgvæ beit Giorgio Chiellini varnarmann Ítala í öxlina eftir viðskipti þeirra félaga.

Mörg alþjóðleg stórfyrirtæki sáu sér þá leik á borði og gerðu sér fljótt mat úr atvikinu til að vekja athygli á sér og vörum sínum og tóku virkan þátt í umræðunni sem skapaðist á samfélagsmiðlunum. Hér að neðan má sjá fjögur skemmtileg dæmi um hvernig fyrirtækin nýttu bit Suárez til markaðssetningar.









Góður staður fyrir konur

Inspiral.ly er eitt þeirra fyrirtækja sem nýtur góðs af Startup Reykjavík



Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Fréttatímans, tekur nú þátt í Startup Reykjavík viðskiptahraðalnum ásamt samstarfskonum sínum, með verkefni sem heitir Inspiral.ly. Sigríður Dögg segir aðstandendur verkefnisins hugsa stórt, stefnan sé sett á uppsetningu vefs sem nái til kvenna um allan heim og veiti þeim jákvæðan innblástur og góð heilnæm skilaboð um staðalímyndir.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN



SJÖ SPURNINGAR

Magnús Geir Eyjólfsson

Ritstjóri Eyjunnar

Golf og fótbolti gleðja en Sepp Blatter ekki

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Meira og minna allt. HM er byrjað, golfvellirnir eru orðnir grænir, sumarfríið framundan og svo er frúin að útskrifast sem hjúkrunarfræðingur. Lífið gæti ekki verið betra.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Þessa stundina kemst fátt annað að en fótbolti og golf.

Hvaða bók lastu síðast?

Ég er að leggja lokahönd á The Girl Who Saved the King of Sweden eftir Jonas Jonasson.

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Upphafslagið fyrir HM leikina. Það þýðir að ég á gott í vændum. Og svo nánast allt sem kemur frá Arcade Fire þessa dagana

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Já.

Ef þú ættir að fara til útlanda á mörgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Ég myndi heimsækja Japan á ný. Eða Benidorm.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óstundvísi og yfirlæti. Og Sepp Blatter.

AF NETINU

Samfélagið segir

um strætótengd málefni

Facebook



KARL K JONSSON

og afhverju lamdi mann bara ekki fra ser ?? kanski bara stelpustrakur ??

Þriðjudagurinn 24. júní 2014



KRISTINN HELGI GUDJONSSON

Hreint grátlegt að lesa um skeytingarleysi vitna sem tónar ansi mikið við fréttir sem við lesum úr glæpaborgum út í hinum stóra heimi. Erum við virkilega kominn á þennan stað? Ég leyfi mér að vona ekki.

Þriðjudagurinn 24. júní 2014



MARÍA ÓSK GUNNSTEINSDÓTTIR

Oj, þið sem bara löbbuðuð framhjá ættuð að skammast ykkar og biðja þennan mann afsökunnar. Svo er um að gera að taka til í hausnum á sér og breyta svona slæmri hegðun, bregðast betur við næst. Er öllum orðið sama um alla bara?

Þriðjudagurinn 24. júní 2014


Twitter



DANIEL SCHEVING @dscheving

Eins kemur fram í fréttum í dag og ég hef marg sagt þá er stórhættulegt að taka strætó, #lifieinkabílinn #stoppiðaðförina #opnalaugarveginn

Þriðjudagurinn 24. júní 2014



KLARA MAGNÚSDÓTTIR @kmagnusdottir

ÉG VAR Í STRÆTÓ OG ÞAÐ VAR FULLORÐINN MAÐUR AÐ BORA Í NEFIÐ!??!!??!?!?! HANN ÁT SÍÐAN HORIÐ?!?!?!?!?!?!?!?!?!?

Þriðjudagurinn 24. júní 2014



WINDTROOPER @windtrooper

Ráðist á Kristófer á leið í strætó - og fólk gekk fram hjá honum alblóðugum - Menn.is http://fb.me/6uJBLjYnw

Þriðjudagurinn 24. júní 2014

BAKHERBERGIÐ

Forseti Íslands neitar að tala við fréttastofu RÚV

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands neitaði RÚV um viðhafnarviðtal vegna sjötíu ára afmælis lýðveldisins, sem sýna átti í heild sinni í sjónvarpinu 17. júní, því hann hafði lofað Morgunblaðinu viðtali af sama tilefni. Þetta er hins vegar ekki í fyrsta skiptið þar sem forsetinn neitar að tala við RÚV. Fréttastofan hefur ítrekað óskað eftir viðtölum við forsetann frá því í febrúar, um hin ýmsu mál. Svo sem afturköllun umsóknar Íslands að ESB, mannréttindabrot í Rússlandi vegna Vetrarólympíuleikanna í Sochi og samband hans við Pútín Rússlandsforseta.

Dómum Símons sárasjaldan snúið

Þungir dómar féllu í BK-44 málinu í vikunni. Fjórir menn voru þá dæmdir í fjögurra og fimm ára fangelsi. Dómarinn í málinu var Símon Sigvaldason. Símon hefur verið héraðsdómari um langt skeið og fellt marga dóma. Í Bakherbergjunum er því haldið fram að 150 til 200 sakamál, sem Símon hefur dæmt í, hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar og innan við fimm þeirra hafi verið snúið við. Einn slíkur viðsnúningur átti sér stað í febrúar síðastliðnum þegar sýknað var í Vafningsmálinu. Símon og meðdómendur hans höfðu sakfellt í því máli.











Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin

BÍÓ★PARADÍS

2014

FIFA World Cup

Brazil™

FRÍTT INN

SÝNT Í SAL 1





Bóluefni dreift í Pakistan
Þessi pakistanska stúlka er ein þeirra sem fær bóluefni gegn mænusótt. Stjórnvöld í Pakistan hafa undanfarinn mánuð gert átak í dreifingu mænusóttarbóluefnis í vesturhéruðum landsins við landamæri Afganistan. Talið er að vegna öryggisvandamála munu hátt í 400 þúsund börn missa af bólusetningu.

Mynd: AFP



Með pöndu að láni
Malasíski ríkisdýragarðurinn í Kúala Lúmpúr fékk tvær pöndur að láni frá Kína í gær. Pöndurnar hafa fengið malasísku nöfnin Xing-xing og Liang-liang en þær eru í heimsókn á Malakkaskaga í tilefni af 40 ára afmæli stjórnmálasambands Malasíu og Kína.

Mynd: AFP



Tímamót á Spáni

Nýr konungur Spánar hefur verið vígður í embætti, en þar ríkir nú Filippus sjötti. Hann er kvæntur Leitiziu Ortiz og eiga þau tvær dætur. Eldri dóttir þeirra hjóna verður ríkisarfi, fæðist þeim ekki drengur. Á Spáni hefur engin drottning ríkt síðan Ísabella önnur var send í útlegð 1868.

Mynd: AFP


Ómstríð & All Tomorrow's Parties proudly present
NOW AVAILABLE!
ON-SITE CAMPING
For full details head to MIDI.IS OR RENTATENT.IS
ATP ICELAND
10 - 12 JULY 2014 • KEFLAVÍK
FORMER NATO BASE • ÁSBRÚ
PART OF ATP'S ICELANDIC TAKEOVER FEAT. NEIL YOUNG - 7 JULY
PORTISHEAD • INTERPOL • MOGWAI • SLOWDIVE • SHELLAC
DEVENDRA BANHART (SOLO) • KURT VILE & THE VIOLATORS • SWANS
LOW • LIARS • FUCK BUTTONS • FOREST SWORDS • HAM • MAMMÚT • SÓLEY
SINGAPORE SLING • BEN FROST • HEBRONIX • HAXAN CLOAK • PHARMAKON
EAUX • FOR A MINOR REFLECTION • I BREAK HORSES • SIN FANG • SAMARIS
PASCAL PINON • FUFANU • KRÍA BREKKAN • LOW ROAR • NÁTTFARI
TICKETS: DASHTICKETS.IS & MIDI.IS
OR MORE INFO: ATPFESTIVAL.COM
RÁS 2
Gull



Mynd: AFP

Fyrstu mótmælin síðan HM hófst

Mótmælendur í Sao Paulo í Brasilíu hófu upp raust sína á ný, í fyrsta sinn eftir að heimsmeistaramótið í fótbolta hófst þar 12. júní. Brasilískur almenningur er óánægður með þau áhrif sem alþjóða knattspyrnusambandið virðist hafa á stjórnvöld landanna sem halda mótin og fjárútlátin í tengslum við þau.



Verjast mótmælendum með skjöldum
Palestínskir lögreglumenn drógu fram skildi til að verjast samlöndum sínum sem mótmæltu á götum Ramallah á Vesturbakkanum. Lögreglan þar slóst á mánudag í lið með Ísraelum sem leita þriggja ungmenna sem hurfu sporlaust í fjallgöngu fyrr í þessum mánuði.

Mynd: AFP



SPES Efnafræðidoktor sleppti fram af sér beislinu á sinfóníutónleikum í Bristol

Stökk fram af sviðinu í hóp unnenda Händels

Það var varla hugmynd Tom Morris, listræns stjórnanda í Bristol Old Vic-leikhúsinu, að gestir sinfóníutónleika misstu vitið ef hann leyfði þeim að hegða sér eins og á popptónleikum. Gjörningur Morris gekk út á að bjóða tónleikagestum að rísa úr sætum og standa við sviðið, klappa og hrópa á meðan flutt var óratória Händels, Messías.

Var þar í hópi aðdáenda doktor einn í efnafræði við Bristol-háskóla, David Glowacki að nafni. Sá var svo heillaður af flutningi hljómsveitarinnar að hann hóf að riða fram og aftur með báðar hendur á lofti og hrópa lofyrði. Vitni segja hann svo hafa reynt að stökkva fram af sviðinu í hóp áhorfenda með það að markmiði að láta hópinn bera sig.

Áhorfendurnir voru hins vegar orðnir þreyttir á truflunum Glowackis svo að þeir tóku málin í sínar hendur og báru hann út úr salnum. Tom Morris segir þetta vera í fyrsta sinn síðan á átjándu öld sem svipað atvik á sér stað. Svona fer ef formlegheit og prjál skipta ekki lengur máli á klassískum tónleikum. **BÞH**

Emil Kári Ólafsson
Tæknifræðingur

kjarninn 26. júní 2014

Mikilvægasti maður í heimi?

Emil Kári Ólafsson skrifar um Elon Musk, sem hefur sett markið hátt fyrir bæði jörðina og mannkynið í heild til eilífðar.

Þó að þeim fari fjölgandi sem vita hver Elon Musk er eru þeir fleiri sem kannast við Iron Man. Ekki vita þó allir að Elon Musk er fyrirmyndin að Tony Stark, járnmanninum sem getur allt.

PayPal, SpaceX, Teslamotors og SolarCity eru allt fyrirtæki sem hann átti að mestu eða öllu leyti þátt í að koma á fót.



Byrjaði á Blastar

Elon Musk fæddist í Suður-Afríku hinn 28. júní árið 1971 og er því aðeins 42 ára. Hann bjó til og seldi sína fyrstu vöru tólf ára, tölvuleikinn Blastar. 17 ára fór hann að heiman með eina ferðatösku og vasapening. Ferðinni var heitið til Kanada, þaðan sem móðir hans var, og fékk hann þar því ríkisborgararétt og vegabréf. Musk vann fyrir sér og fór í skóla. Skólagangan fór þannig fram að hann las námsefnið í upphafi annar en fór ekki í

tíma og tók síðan prófin með glans. Musk er nefnilega þeim hæfilæka gæddur að hann gleymir nánast engu. Á þessum tíma hugleiddi hann stundum hvað myndi hafa meiriháttar jákvæð áhrif fyrir mannkynið. Niðurstaðan var internetið, sjálfbær orka og að byggja aðrar plánetur. Gervigreind og endurritun DNA voru tveir aðrir hlutir sem hann vonaði að myndu einnig hafa jákvæð áhrif.

Árið 1995, þegar Musk var við það að hefja nám við Stanford-háskóla, langaði hann að taka þátt í uppbyggingu internetsins. Hann bað því um leyfi til að snúa aftur til náms ef fyrirtækið hans færi á hausinn. Því næst fékk hann Kimbal bróður sinn með sér í lið. Þeir leigðu sér skrifstofu þar sem þeir unnu og sváfu til að spara peninga og fóru í sturtu í ræktinni. Í upphafi voru einungis til peningar fyrir einni tölvu og á daginn hýsti hún síðuna en á nóttunni notaði Elon hana til að forrita. Fyrirtækið hét Zip2, en það gerði m.a. samninga við Chicago Tribune og New York Times og kom þeim á kortið. Árið 1999 keypti Compaq Zip2 á um 35 milljarða króna og varð það í framhaldinu hluti af AltaVista. Næst stofnaði Musk x.com sem síðan sameinaðist PayPal og eBay keypti árið 2002 á 170 milljarða. Hlutur hans af þeirri sölu var um 18 milljarðar.

„Í upphafi voru einungis til peningar fyrir einni tölvu.“

Hér hefði margur sest í helgan stein og var Elon spurður af hverju hann keypti sér ekki eyju og drykki kokkteila á ströndinni það sem eftir væri. Svarið var: „Fyrir mig væru það kvalir, skelfilegt líf.“

Eftir söluna á PayPal kíkti Musk á heimasíðu NASA til þess að forvitnast um hvenær stæði til að fara mannaðar ferðir til Mars. Þar var ekkert að finna um slíkt og eftir frekari eftirgrennslan fékk hann það staðfest að engin slík plön væru til. Það var þá sem hann ákvað að setja um 11,5 milljarða í að stofna SpaceX. Markmið SpaceX er að koma á fót nýlendu á Mars, þúsunda eða tugþúsunda manna. Slíkt myndi verða til þess að mannkynið myndi þróa tæknina til geimferðalaga áfram og tryggja þannig framgang mannkyns

um ókomna tíð. Ástæðan er sú að það er óumdeilanlegt að fari maðurinn aldrei af jörðinni kemur hann til með að deyja þar út einhvern tímann. Musk hefur sagt að hann hafi frekar reiknað með því að SpaceX færi á hausinn og hann væri að henda þessum peningum á bálið. Einn af vinum hans setti saman myndband af eldflaugum að springa í loft upp til þess að reyna að fá hann ofan af hugmyndinni en Musk sagði að ef eitthvað væri nógu mikilvægt ætti maður að reyna það þó að líkurnar væru minni en meiri á því að það gengi upp. Fyrsta geimflaugin sprakk, næstu tvær náðu ekki út í geim og peningarnir voru nánast búnir. Hann náði að skrapa saman í fjórðu tilraunina en ef hún hefði ekki tekist hefði fyrirtækið farið á hausinn.

Einstakur árangur

Síðan þá á SpaceX að baki 14 heppnuð geimskot og 38 til viðbótar hafa þegar verið pöntuð, meðal annars af NASA, en SpaceX sér núna um flutning á búnaði til og frá alþjóðlegu geimstöðinni fyrir stofnunina. SpaceX var fjórði aðilinn í heiminum til að skjóta geimfari á braut um jörðu og ná að endurheimta það aftur. Hinir þrír voru Bandaríkin, Rússland og Kína. Kostnaðurinn við geimskot fyrirtækisins er aðeins brot af því sem áður tíðkaðist í geiranum. Fyrirtækið hefur einnig stigið stór skref í áttina að því að gera geimflaugar sínar að fullu endurnýtanlegar. Kostnaðurinn við eldsneytið er einungis 0,5% af kostnaði við geimskot og því verður algjör bylting þegar sá árangur næst. Dyrnar til Mars opnast upp á gátt.

Musk telur að þetta verði eftir 10-12 ár. Sjálfur ætlar hann að deyja á Mars, bara ekki við komuna.

MUSK HEFUR EKKI LÁTIÐ NEITT STÖÐVA SIG

- Árið 2008, í miðju hruninu, voru bæði Tesla og SpaceX við það að fara á hausinn.
- Elon Musk tók allan varasjóðinn sem átti að sjá honum og börnunum hans fimm farborða og setti í fyrirtækin. Hann var orðinn skuldugur og þurfti að fá lánað hjá vinum fyrir leigu.
- Nýlega gaf Tesla Motors öll einkaleyfin sín.
- Musk er forstjóri og allt í öllu bæði hjá SpaceX og Tesla.
- Hann vann á tímabili 120+ klst. á viku en vinnur núna aðeins 80-100 klst.

Tesla-ævintýrið hefst 2003

Tesla Motors var stofnað árið 2003. Musk setti um 3,5 milljarða í fyrirtækið, var stærsti hluthafinn og gerðist stjórnarformaður. Stofnmarkmið Tesla Motors var að flýta fyrir umskiptum bíla heimsins yfir í sjálfbæra orku. Árið 2008, þegar farið var að halla verulega undan fæti hjá Tesla, rak Musk framkvæmdastjóra fyrirtækisins og tók við þeirri stöðu.

Það er almennt orðið viðurkennt að hlýnun jarðar eigi sér stað af manna völdum og þá sérstaklega vegna aukins útblásturs koltvísýrings. Menn virðast þó ekki alveg geta komið sér saman um hversu hratt og hversu alvarlegar afleiðingarnar eru og verða. Þær veðuröfgar sem við höfum á undanförnum árum orðið vitni að eru þegar farnar að kosta aukin mannslíf og gríðarlega fjármuni. Hitabylgjur, þurrkar og flóð munu færast í aukana og sumir vilja meina að með aukinni bráðnun jökla og þiðnun sífrera geti ástandið orðið svo slæmt að lítið verði við ráðið. Flóðin árið 2012 í New York yrðu þá mjög lítilvæg svo að dæmi sé tekið.

„Öryggi fékk mest vægi í hönnuninni og skilaði það sér í því að bíllinn fékk hæstu einkunn í opinberum árekstrarprófunum í Bandaríkjunum sem fengist hefur frá upphafi.“

Fyrsta verk Tesla var að sýna fram á að ef framleiddur væri eftirsóknarverður rafbíll myndi fólk kaupa hann. Tesla Roadster kom á markað árið 2008. Bíllinn var flottur sportbíll byggður á Lotus Elise sem komst um 370 km á hverri hleðslu og var einungis 3,7 sek. í 100 km/klst. Bíllinn varð til þess að stóru bílaframleiðendurnir tóku við sér og árið 2011 komu á markað Chevrolet Volt og Nissan Leaf.

Tæknin þróuð

Ákveðið var að byrja á að framleiða dýran bíl í fáum eintökum til að þróa tæknina. Næsta skref var helmingi ódýrari bíll í töluvert fleiri eintökum og síðasta skrefið á að vera bíll í miklu magni sem flestir bílakaupendur hafa efni á.

Strax árið 2009 kom frumgerð af bíl númer tvö, sá heitir Model S. Fyrstu eintökin af honum voru afhent kaupendum



sumarið 2012. Musk er titlaður vöruarkitekt bílsins og voru fyrirmælin sem hann gaf sínu fólki einföld, „þið eigið að búa til besta bíl í heimi“. Ástæðan var sú, sagði hann, að ef fólk ætti að skipta um tækni yrði nýja varan að vera betri en sú gamla. Niðurstaðan var bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum. Öryggi fékk mest vægi í hönnuninni og skilaði það sér í því að bíllinn fékk hæstu einkunn í opinberum árekstrarprófunum í Bandaríkjunum sem fengist hefur frá upphafi. Þar fyrir utan þykir Model S gríðarlega fallegur. Hann tekur 7 farþega og mikinn farangur. Hröðunin er 4,2 sekúndur í 100 km/klst. og hann kemst 500 km á hverri hleðslu. Hleðslutíminn er einnig styttri en þekkst hefur áður, hægt er að hlaða 360 km drægni á hann á aðeins 30 mínútum.

Eftirspurnin eftir bílnum er slík að þrátt fyrir að framleiðslugetan sé að nálgast 1.000 bíla á viku er enn margra mánaða bið eftir bíl.

Þriðju kynslóðar bíllinn er væntanlegur á markað árið 2017. Til þess að ná kostnaðinum við hann nægjanlega niður og til þess að tryggja nægt framboð á rafhlöðum í bílana ætlar Musk að byggja eigin verksmiðju. Hún er kölluð The Gigafactory og þegar hún verður komin í full afköst árið 2020 mun hún framleiða meira af rafhlöðum en framleiddar eru samtals í heiminum í dag. Stóru plönin enda ekki þar, til þess að klára markmiðið um 100% rafdrifinn flota bíla þarf 200 slíkar.

Tesla Motors hefur einnig sett upp yfir 100 hraðhleðslustöðvar á heimsvísu svo að eigendur Model S geti farið í langferðir. Stöðvarnar eru kallaðar Superchargers og þar er frítt að hlaða og verður alltaf. Sólarsellur sjá stöðvunum fyrir rafmagni og því verður koltvísýringsmengun engin af akstrinum.

Þar kemur til sögunnar hin hliðin á sjálfbæru orkunni. SolarCity er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að setja upp sólarsellur á þök heimila og fyrirtækja. Hægt er að kaupa eða leigja sellurnar og sér SolarCity um allt frá a-ö. Ef fólk kýs að leigja lítur dæmið þannig út að fólk fær sellur á þakið hjá sér og rafmagnsreikningurinn hjá því lækkar í kjölfarið. Fyrirtækið vex gríðarlega hratt.

Musk fékk hugmyndina, fjármagnaði í upphafi og er stjórnarformaður en tveir frændur hans reka fyrirtækið.

Nýlega keypti Solarcity sólarsellufamleiðanda og strax eru komin plön um stækkun verksmiðjunar í áður óþekktar stærðir í anda rafhlöðuverksmiðjunnar.



PISTILL

Hafsteinn Hauksson
Hagfræðingur

Á heimavelli á HM

HM í Brasilíu er ekki bara fótboltahátíð. Hagfræðingar njóta þess líka að spá í tölurnar.

Það þarf varla að hefja pistilinn á að taka það fram, en heimsmeistaramótið í knattspyrnu stendur nú yfir í Brasilíu. Sérfræðingar hafa frá upphafi móts verið allt að því samdóma um að gestgjafinn eigi mestar sigurlíkur, en sennilegast hafa Brasilíumenn einnig verið ofarlega á lista í rauðvínspottum á vinnustöðum víða um land.

Þótt Brasilíumenn séu með firnasterkt lið er þó annar þáttur en bara geta sem flestir virðast sammála um að skipti máli, nefnilega heimavallaráhrif. Það þarf engan að undra – á tólf heimsmeistaramótum af nítján hefur heimaþjóðin komist í úrslit og sex sinnum sigrað, sem er mun hærra hlutfall en svo að það geti talist tilviljun, en sigurhlutfall heimaþjóðanna hækkar upp í 50% þegar mótið hefur verið haldið hjá stórþjóðum í fótbolta – þ.e. í Brasilíu, Ítalíu, Þýskalandi, Argentínu, Úrúgvæ, Spáni, Frakklandi eða Englandi. Sé litið til allra leikja gestgjafa HM frá 1990 hafa þeir samtals unnið 27 leiki, gert sex jafntefli og tapað sex leikjum. Það hjálpar reyndar einnig til að vera í eigin heimsálfu; til dæmis hefur Evrópuþjóð aldrei sigrað á heimsmeistaramóti vestanhafs.

Til viðbótar hefur ekkert lið sigrað Brasilíu á heimavelli í næstum tólf ár, en liðið tapaði síðast heima í vináttuleik við Paragvæ í ágúst 2002. Þá var liðið reyndar nýbúið að sigra á HM í Japan og var kannski ekki sérstaklega upptekið af stórsigri, en Brasilía hefur ekki tapað leik á stórmóti eða í undankeppni á heimavelli síðan það beið lægri hlut gegn Perú í undanúrslitum Copa América árið 1975.

En hver ætli sé eiginlega skýringin á þessum heimavallaráhrifum á heimsmeistaramótinu? Ein gæti verið sú að lönd með sterka fótboltahefð og góð landslið veljist einfaldlega frekar til að halda mótið. Það er þó auðvelt að afsanna þá kenningu með einfaldri tölfræðiæfingu. Hagfræðingarnir Chris Anderson og David Sally prófuðu til dæmis að raða löndum upp eftir getu miðað við Elo-stig þeirra við upphaf hverrar keppni frá 1930 og komust að því að í öllum tilvikum gekk heimaþjóðinni betur á mótinu en geta þeirra hefði spáð fyrir um. Greinendur Goldman Sachs staðfestu nýlega þessa niðurstöðu Anderson og Sally með nokkuð fáguðu tölfræðilíkani, en samkvæmt því getur heimaþjóðin á HM að jafnaði búist við því að skora 0,4 fleiri mörk í leik en samsvarandi lið eftir að leiðrétt hefur verið fyrir getu, nýlegri frammistöðu og fleiri þáttum. Getumunur einn og sér getur því ekki útskýrt þetta góða gengi liða á heimavelli.

„Getumunur einn og sér getur því ekki útskýrt þetta góða gengi liða á heimavelli.“

Önnur kenning er sú að löng ferðalög hafi slæm áhrif á frammistöðu mótherjanna; þau lið sem eigi lengsta leið fyrir höndum til þess að komast á mótið séu þreytt og illa upplögð og því eigi heimaþjóðin hægara um vik að valta yfir þau á knattspyrnuvellinum. Nate Silver, einn þekktasti tölfræðingur heims, komst að því að frá 1952 hefur liðum sem þurfa að ferðast um langan veg milli austurs og vesturs (þ.e. þvert á tímabelti) vissulega gengið marktækt verr en hinum, en ferðalög milli norðurs og suðurs skipti minna máli – sögulega sé það því fyrst og fremst flugþreyta (e. jet lag) vegna tímamismunar sem geti haft áhrif á gengi liðanna.

Hins vegar hafa þessi áhrif dalað mjög hratt á undanförnum áratugum, bæði vegna þess hve samgöngur hafa batnað og vegna þess að leikmenn landsliða spila oftar en ekki fjarri heimahögunum og þurfa því að ferðast jafnlangt og hver annar til þess að komast á mótið. Í dag telur Silverman að áhrif þessa séu lítil sem engin – þótt þeir Anderson og Sally hafi reyndar komist að því að liðum gangi örlítið verr eftir því sem menningarmunur gestgjafans og heimalandsins er meiri.

Dómararnir geta skipt sköpum

Þriðja kenningin, sem á sífellt meira fylgi að fagna meðal fræðimanna, er sú að dómarar láti ómeðvitað undan látunum í áhorfendum þegar þeir neyðast til þess að taka ákvörðun á augnabliki og hygli þannig heimaliðinu – með öðrum orðum sé heimadómgæsla stærsti kosturinn við að leika á heimavelli. Það gæti t.d. útskýrt af hverju heimavallaráhrifin eru mun sterkari í fótbolta, þar sem ákvörðun dómarans er líklegri til að hafa úrslitaáhrif á gang leiksins, en í nokkurri annarri hópíþrótt. Þetta er hins vegar kenning sem er erfitt að sanna, því það er erfitt að mæla hvort dómgæsla er hlutlaus eða ekki. Til dæmis liggur ljóst fyrir að dómarar í ensku úrvalsdeildinni, Meistaradeild Evrópu, Bundesligunni og víðar eru líklegri til dæma víti á útilið og spjalda þau jafnframt oftar en heimalið. En hvernig getum við útilokað að lið leiki ekki einfaldlega grófari bolta á útivelli en á heimavelli og því hafi þessi spjaldagleði dómaranna ekkert með hlutdrægni eða hlutleysi að gera?

„En hver ætli sé eiginlega skýringin á þessum heimavallaráhrifum á heimsmeistaramótinu?“

Þýski vinnumarkaðshagfræðingurinn Thomas Dohmen fann snilldarlega lausn á þessum mælingarvanda. Ein breyta öðrum fremur ætti nefnilega ekki að litast af mismunandi framkomu liðanna en er hins vegar alfarið í höndum dómarans; nefnilega uppbótartími. Hann komst að því að dómarar í þýsku deildinni væru að jafnaði líklegri til þess

að leyfa leiknum að halda allt að mínútu lengur áfram þegar heimaliðið er undir með einu marki eða þegar líklegt er að það geti náð forystu í jafntefli eftir að leiðrétt hafði verið fyrir öðrum þáttum sem gætu lengt leikinn (t.d. meiðslum, spjöldum, leikmannaskiptingum o.fl). Spænskir hagfræðingar hafa fundið enn sterkari áhrif af þessum toga, en þarlendir dómarar hafa einnig tilhneigingu til þess að stytta leikinn þegar heimaliðið er yfir með einu marki.

Hlaupabrautin ekki til góðs

Einna merkilegast er þó að þessi áhrif hverfa nánast alveg þegar lið keppa á leikvöngum eins og Laugardalsvellinum, þar sem grasvöllurinn er umluktur hlaupabraut. Að mati Dohman bendir það eindregið til þess að það séu áhorfendurnir sem hafi þessi áhrif á dómarann; þegar hann er með þá alveg ofan í sér er hann líklegri til að láta ómeðvitað undan þrýstingi en þegar hlaupabrautin myndar loftrými umhverfis leikvanginn.

Svo halda aðrir því fram að heimaleikjaáhrifin séu þróunarfræðilegs eðlis. Í það minnsta mælist meira testósterón í knattspyrnuleikmönnum á heimavelli en útivelli, en rannsakendur hafa rakið það til eðlislægrar hvatar karlmanna að vilja verja yfirráðasvæði sitt. Það skal þó ósagt látið hvort knattspyrnuleikir vinnist á eðlisávísuninni, eða karlmennskunni, einni saman.

Hver sem skýringin kann að vera virðast Brasilíumenn í það minnsta enn eiga töluverða möguleika á sigri eftir fyrstu umferðir mótsins, vafalaust að hluta til vegna þessara heimavallaráhrifa sem svo erfitt virðist að henda reiður á þótt tilvist þeirra sé óumdeild. En eins og áður hefur verið fjallað um á þessum vettvangi hefðum við ekki þurft nein tölfræðilíkön eða þróunarfræðikenningar til að segja okkur það; það nægir að fletta líkunum upp í næsta veðbanka.

APPIÐ

Jón Ólafsson
Ritstjóri lappari.com
„Nokia Lumia 1520."



OUTLOOK OG SKYPE

Sem vinnutæki nota ég Outlook og Skype langmest af þeim forritum sem ég er með í símanum. Er með fjögur netföng uppsett og samstilli póst, tengiliði, dagbækur og verkefni við Exchange póstþjóna.

ONEDRIVE OG OFFICE

Ég get unnið í Word, Excel eða PowerPoint skjölum sem ég fæ send, eru vistuð á OneDrive eða beint af SharePoint netþjónum vinnunar. Besta er að OneDrive samstillir gögnin á milli símtækis og tölvunnar minnar.

NOKIA HERE

Ég ferðast töluvert og GPS leiðsögukerfi því nauðsyn. Nokia Here er ókeypis með íslenskri raddleiðsögn. Einfalt að hlaða niður kortum fyrir það land sem ferðast er til og því hægt er að slökkva á 3G/4G og spara erlendis.


TÆKNI Broskallarnir koma í staðinn fyrir alvöru andlit

Ástæða þess að við erum orðin hugfangin af broskörlum (e. emoji) í öllum okkar tölvusamskiptum er ekki aðeins félagslegs eðlis. Nú hefur ástralskur sálfræðingur komist að því að broskarlar séu farnir að kalla fram taugaáhrif í líkingu við þau sem alvöru mannleg brosmild andlit kalla fram.

Rannsókn Dr. Owen Churches sýnir að fólk bregst á sama hátt við broskörlum eins og það gerir í samskiptum í raunheimum.

Broskarlarnir geta verið til margs nytsamlegir. SMS-skeyti eru til að mynda aldrei ofboðslega tilfinningarík og fögur. Þar geta broskallar hjálpað andlausum unglingum í ástarsorg. **BÞH**

Tíu vinsælustu táknin á Twitter



ÁSTINNI ER ERFIÐAST AÐ KOMA Í ORÐ

Ástartákn eru lang vinsælustu táknin í þessari yfirferð. Samtals töldust ástartákn (hjörtu og þess háttar) fjórtán sinnum á lista vinælustu 100 táknanna.

UNDIRLIGGJANDI KYNÞÁTTAHYGGJA

Táknin á listanum eru öll nokkuð hlutlaus. Kynjað tákn birtist ekki fyrr en í 20. sæti listans og er það kvenkyns. Apple hefur hins vegar áhyggjur af skakkri birtingarmynd kynþátta í emoji-safni sínu og hyggist bæta úr því.

HEIMILD: Mashable og Fivethirtyeight.com



Þar sem knattspyrnan gefur von

Diambars lyftir ungum drengjum úr fátækt og inn í skóla. Stundum verða þeir meira að segja alþjóðlegar knattspyrnustjörnur.

ÍÞRÓTTIR
Pernille Ingebrigtsen
@pernilleing

„Flýttu þér að skrifa, Ousseynou. Þetta gengur of hægt.“ Móðurmál Ousseynou Niang (14) er wolof. Það er nógu erfitt fyrir hann að læra frönsku – opinbert tungumál Senegal – en til viðbótar verður hann að læra ensku líka. Þessi litli drengur með stóru draumana veit að honum verður að takast vel upp hjá herra Ousmane Niane. Því léttari sem ensku orðin verða, því meiri tíma getur hann eytt á knattspyrnuvellinum.

Í lítilli og þröngri kennslustofu vinnur Niane; glæsilegur, miðaldra maður í hvítri skyrtu og bláum jakkafatabuxum, við að fá átta 13 og 14 ára gamla drengi til að skilja að lífið er

ekki bara knattspyrna. Klukkan er nýorðin átta að morgni en úti er nálægt 30 gráðu hiti og hvítir sólargeislar streyma inn í gegnum eina gluggann á stofunni. Drengirnir eru allir klæddir í bláan og gráan Adidas-fatnað. Þeir eru með svipaðar töskur og með svipaðar klippingar. Það sér enginn á þeim hver þeirra fékk áður þrjár máltíðir á dag og hver þeirra fékk bara eina.

Ousseynou skrifar niður textann sem Niane skrifaði upp á töflu í stílabók með myndum af senegölskum knattspyrnuhetjum framan á. Hann gerir það eins hratt og hann getur og með fallegri tengiskrift: „Þetta er falleg íbúð…“. Við hliðina á honum situr Ousmane Diaw. Hann er þegar búinn og sýnir kennaranum, sem hann kallar bara Sir, stílabókina sína.

„Sjáðu hérna, Sir, sjáðu!“

„Flott, Ousmane,“ segir Niane og blikkar hann yfir kringlótt gleraugun.

Draumurinn um Evrópu

Í Senegal spila allir knattspyrnu, alls staðar. Á alls kyns undirlagi. Án eða í skóm. Með eða án bolta með lofti í. Alla dreymir um það sama: að spila knattspyrnu í Evrópu. Að geta klætt sig í ekta Barcelona-búning – ekki gervitreyju sem er götótt og skítug. Að geta spilað á grasvelli, ekki sandvelli sem liggur í halla. Og þá dreymir auðvitað um peninga. Næga peninga til að sjá fyrir allri fjölskyldunni.

Nemendurnir átta sem sitja í enskutímanum hjá Niang hafa allir fengið einstakt tækifæri upp í hendurnar. Ásamt tíu öðrum drengjum var þeim í fyrra boðið pláss í knattspyrnuakademíu og heimavistarskóla Diambars, í samkeppni við börn hvaðanæva í Senegal. Þeir sem eru með mestu knattspyrnuhæfileikana eru valdir óháð því hvaða guð þeir trúa á, hversu mikla peninga foreldrar þeirra eiga eða hvort þeir hafa nokkru sinni komið áður inn í kennslustofu. Hér fá þeir menntun og metnaðarfullt knattspyrnuuppeldi. Og þetta er allt frítt.

Það er vandamál í Senegal að drengir hætta í skóla til að leggja allt undir við að ná árangri í knattspyrnu. Og



skyndilega standa þeir uppi allslausir, ýmist vegna meiðsla, slælegs umboðsmanns eða vegna þess að draumurinn reyndist einfaldlega óraunhæfur. Með menntun í farteskinu minnka líkurnar á að þeir verði notaðir, enda eru Evrópuþjóðirnar stanslaust að eltast við ódýra afríska knattspyrnudemanta. Diambars er mjög upptekið af því að vernda nemendurna sína gagnvart umboðsmönnum sem sjá afríska leikmenn fyrir sér sem vörur, ekki manneskjur.

Framlag Vieira til föðurlandsins

Diambars-verkefnið varð til fyrir ellefu árum, árið 2003. Þjár fyrrverandi knattspyrnuhetjur og einn fjárfestir gengu þá saman í eina sæng við að búa til stofnun þar sem ástríðan fyrir knattspyrnu átti að hvetja unga Senegala til að ganga menntaveginn. Sá þekktasti þeirra, Patrick Vieira, fæddist í Senegal og varð síðar fyrirliði franska landsliðsins. En í Senegal er það forseti akademíunnar, Saër Seck, sem er

„Monsieur Diambars“. Ásamt fyrrverandi landsliðsmarkverði Frakka, Bernard Lama, og Jean-Marc Adjovi-Bocco, sem er stærsta knattspyrnustjarna í sögu Benín og var áður atvinnumaður í Frakklandi og Skotlandi, skilja þessir fjórir menn nú djúp spor eftir sig í sögu Senegal.

Þegar akademían hélt upp á tíu ára afmælið sitt í nóvember í fyrra heimsótti Macky Sall, forseti landsins, hina vel hirtu og áhrifamiklu heimahöfn hennar í borginni Saly, um 80 kílómetrum suðaustur af höfuðborginni Dakar. Frá því að Diambars var byggt hefur svæðið breyst úr því að líkjast eyðimörk með fjórum stórum byggingum yfir í vin sem líkist nú mun fremur sumardvalarstað. Sandundirlaginu hefur verið skipt út fyrir fimm gervigrasvelli og einn grasvöll, og trén í kring hafa vaxið nægilega mikið til að veita góðan skugga.

Sall og ráðherrarnir sem voru með í för voru virkilega hrifnir af því sem þeir sáu og boðskapnum til drengjanna um að Diambars gæti hjálpað þeim að verða sigurvegarar, jafnt á knattspyrnuvellinum sem og í lífinu.

NOKKRAR STAÐREYNDIR

Í Senegal búa um 13 milljónir manna. Um helmingur þeirra sem eru eldri en 15 ára eru ólæsir. Samkvæmt Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er Senegal eitt af 30 fátækustu ríkjum veraldar. 43 prósent landsmanna eru á aldrinum 0-14 ára og þeir sem eru eldri en 65 ára eru einungis þrjú prósent.

UNESCO er samstarfsaðili Diambars og aðalstyrktaraðili akademíunnar er Adidas. Samkvæmt reglum FIFA um uppeldisbætur þurfa skandinavísk knattspyrnulið nú að greiða á bilinu 37 og 46,5 milljónir króna fyrir leikmann frá Diambars. Á tíu árum hafa tíu leikmenn frá Diambars orðið atvinnumenn í knattspyrnu í Evrópu. Árið 2008 var útibú frá Diambars opnað í Suður-Afríku og draumur aðstandenda er að byggja enn fleiri akademíur víðs vegar um heiminn.

Senegal er ekki á heimsmeistaramótinu sem nú stendur yfir í Brasilíu en um 300 senegalskir leikmenn spila í þremur efstu deildum Frakklands og öflugustu leikmenn þjóðarinnar spila hjá stórliðum í Englandi, Spáni, Rússlandi, Tyrklandi, Austurríki og í Noregi. Fulltrúar Afríku á HM í sumar eru Fílabeinsströndin, Nígería, Kamerún, Alsír og Gana. Afrísk lið hafa lengst komist í fjórðungsúrslit á mótinu. Það hefur gerst þrisvar: Kamerún var slegið út af Englandi árið 1990, Senegal var slegið út af Tyrklandi árið 2002 og Gana af Úrúgvæ árið 2010.



Hæfileikaríkur
Hér sést Ousenyou Niang (í gulu vesti) nýta hæfileika sína á vellinum.
MYND: PERNILLE INGEBRIGTSEN

Afrísk samkeppni

Þegar skrifað er um Afríku snúast skrifin nær alltaf um heimsálfu sem er yfirfull af fátækt, sjúkdómum, dauða og fáfræði, „hina myrku heimsálfu“, með spillt og óhæf stjórnvöld. Orðinu Afríka fylgja hugmyndir um ringulreið og vangetu, skrifar viðskiptamaðurinn Tito Alai, sem hefur hagnast vel á innflutningi, í fréttatímaritið New African.

Sagan af Diambars er í andstöðu við allt þetta. Óheiðarleiki og vanhæfni eru ekki orð sem eiga heima hér. „Þegar við finnum Diambars-leikmennina er það vegna þess að þeir búa yfir hæfni sem við sækjumst eftir, knattspyrnuhæfileikunum þeirra,“ segir yfirmaður íþróttamála hjá Tromsø Idrettslag, Svein-Morten Johansen.

Eftir að Diambars-nemendurnir Serigne Modou Kara Mbodj og Saliou Ciss léku með Tromsø í þrjú ár áður en þeir fóru til stórra félaga í Belgíu og Frakklandi, sem þyddi miklar tekjur fyrir bæði Tromsø og Diambars, er norska félagið mjög opið gagnvart því að gera fleiri samninga við senegalska leikmenn. Og Diambars sér Noreg líka sem góðan stað fyrir leikmennina sína.

Tekjur vegna sölu leikmanna eru ein af þremur tekjulindum akademíunnar (hinar tvær eru auglýsingatekjur og leiga á aðstöðu hennar). Þess vegna eru knattspyrnuhæfileikar drengjanna mikilvægastir. Diambars hefur aldrei tekið inn nemanda einvörðungu til að bjarga honum frá fátækt. Saër Seck var sjálfur efnilegur leikmaður á yngri árum áður en meiðsl skemmdu fyrir. Hann á líka tvo syni sem eru góðir knattspyrnumenn og hafa komist inn í akademíuna, en fáir gagnrýna það. „Elsti sonur minn stóð sig ekki nógu vel í úrtakinu og fékk þar af leiðandi ekki pláss hjá Diambars," segir Seck.

Sjálfbært verkefni

Það er föstudagur. Hann hefur ferðast frá Dakar með einkabílstjóra og er klæddur í sín ljósbláu boubou, hefðbundinn fatnað múslima sem karlar nota meðal annars þegar þeir fara í mosku. Hann hallar sér fram í svörtum leðurstól á skrifstofunni sinni og segir með mikilli nákvæmni frá akademíunni samhliða því að farsíminn hans hringir stanlaust og hann borðar morgunmatinn sinn; en pain au chocolat. Það eru tvö ár síðan hann og hinir þrír stofnendurnir hættu að setja eigið fé í verkefnið. Nú er það sjálfbært. Allir peningar sem koma inn notast enda til að reka akademíuna. „Þetta er sjálfboðavinna og fjárfesting í hinu manneskjulega," segir Seck.

„Í Senegal spila allir knattspyrnu, alls staðar. Á alls kyns undirlagi. Án eða í skóm. Með eða án bolta með lofti í."

Markmið Diambars er að nemendurnir fari þaðan sem þroskaðir og sjálfstæðir einstaklingar. Þeir sem standa að akademíunni vita að 80 prósent þeirra drengja sem koma þangað munu aldrei verða atvinnumenn í knattspyrnu. Þess vegna skiptir skólagangan enn meira máli. Um 70 prósent nemendanna ljúka framhaldsskólagráðu. Akademían greiðir einnig fyrir háskólavist þeirra nemenda sem hafa metnað fyrir því að sækja sér slíka. „Draumur Saër Seck er að í framtíðinni verði senegalskir ráðherrar úr röðum útskriftarnema frá Diambars," segir Ousmane Niane, enskukennarinn sem hefur verið hluti af Diambars frá upphafi.

Þrátt fyrir að á meðal nemenda Diambars séu synir forseta akademíunnar koma 80 prósent þeirra frá fátækum fjölskyldum, og þeir koma frá öllum 14 héröðum landsins. Sumir þeirra kunna hvorki að lesa né skrifa þegar þeir koma, og sumir þurfa að nota meira en hin fimm vanalegu ár til að ljúka náminu. En þétt aðhald frá kennurum gerir það að verkum að nemendur frá Diambars eru með hæstu einkunnir allra í Mbour, héraðsins sem Saly tilheyrir. Og á landsvísu er námsárangurinn á meðal þess besta sem finnst. „Við erum ekki með troðfullar kennslustofur. Í stóru borgunum geta verið allt að 150 nemendur á hvern kennara. Hérna er hver kennari í mesta lagi með tólf nemendur, stundum bara tvo," segir Niane.

Nauðsynlegt einkaframtak
Ousmane Niane segir það mikilvægt að reka einkaskóla á borð við Diambars vegna þess að ríkið ráði ekki við að mennta öll senegölsk börn.
MYND: PERNILLE INGEBRIGTSEN



Lélegur námsárangur þýðir engin knattspyrna

Ótti stofnendanna er sá að Diambars-nemendunum muni finnast aðstæður sínar of þægilegar. Finnast þeir hafa það of gott. Að þeir fari á reynslu til Spánar eða Frakklands og skyndilega séu þeir orðnir hluti af aðaldrengjaliði Diambars og farnir að trúa því að þeir séu stjörnur. Til að fyrirbyggja þetta heldur Diambars úti ófrávíkjanlegri reglu um að slæleg frammistaða í skólanum útilokar drengina frá knattspyrnuæfingum og -leikjum. Það er erfiðara gagnvart aðalliðsdrengjunum þar sem þeir búa ekki lengur í akademíunni. „Mér finnst það ekki gott fordæmi fyrir yngri leikmennina að nokkrir af aðalliðsleikmönnunum hafi fengið að spila knattspyrnu án þess að hafa klárað skólann. Stundum

er erfitt að örva nemendurna því þeir vita að knattspyrna er stysta leiðin sem þeim býðst til velgengni, og því sjá nemendurnir að þetta er mögulegt," segir enskukennarinn Niane og bendir meðal annars á Idrissa Gana Gueye (24), þann nemanda Diambars sem hefur náð lengst allra.

Eftir um 100 leiki í Ligue-1 með Lille í Frakklandi er Arsenal á meðal þeirra liða sem nú er sagt áhugasamt um að fá þennan dreng frá Dakar til liðs við sig. Hann fór í frönsku deildina 19 ára gamall án þess að hafa lokið námi. Það gerir akademíuna hins vegar ekkert minna stolta af honum. Diambars þarf nefnilega á nemendum eins og Gueye að halda, sem skapa akademíunni miklar tekjur. Ef Gueye yrði seldur til stórs liðs í Englandi myndi Diambars þéna helminginn af árlegum rekstrarkostnaði sínum, sem er um 148 milljónir króna, á einu bretti þar sem akademíunni er tryggður að minnsta kosti fimm prósent af söluandvirði fyrrverandi leikmanna sinna.



Mikilvægt að gefa til baka

Á háværu kaffihúsi á Charles De Gaulle-flugvellinum í París segir Jean-Marc Adjovi-Bocco, betur þekktur sem Jimmy, höfundi frá Gueye. „Hann var ekki sá besti þegar hann var yngri, en hann lagði mikið á sig. Hann vissi hvað þurfti til að verða góður."

Adjovi-Bocco segir að enginn af nemendunum í Diambars hafi nokkrar skyldur gagnvart akademíunni eftir að þeir yfirgefi hana en vonar að þeir sjái hversu mikilvægt það sé að gefa til baka. „Af tíu atvinnumönnum í Evrópu hefur vel tekist til með sex á þessu sviði. Idrissa er einn þeirra. Hann borgar meðal annars íbúð, skólapeninga og mat fyrir Diambars-drengi sem eru nú í námi í Lille. Og hann hafði algjört frumkvæði að því sjálfur."

Fyrstu fimm árin notaði Adjovi-Bocco, sem býr sjálfur í Frakklandi, allan tíma sinn við að sinna sínu hjartans máli, Diambars. Í fimm ár þáði hann engin laun. Gjöful atvinnumannaár gerðu honum kleift að gera það. Innblásturinn sem drífur hann áfram hefur alltaf verið sá að gefa knattspyrnunni til baka það sem hún hefur gefið honum. Í dag tekur annað mannúðarverkefni líka hluta af tíma hans, gleraugnaverkefni sem á að hjálpa Afríku að sjá betur. „Þetta byrjaði með Diambars-nemanda. Það tók okkur langan tíma að átta okkur á því að hann sá varla boltann," segir Adjovi-Bocco, sem vill gera Afríkubúum kleift að fara í sjónmælingar sem þeir hafi efni á.

Drengurinn sem átti erfitt með að sjá boltann fékk hjálp. Í dag er hann atvinnumaður í Frakklandi og hefur getað séð fjölskyldu sinni fyrir mun betra lífi.

Út úr fátækt eftir velgengni í knattspyrnu

Myrkrið hefur sest yfir Saly. Við brúnina á sundlauginni í Diambars, klæddur í í Adidas-æfingagalla og með New York Yankees-derhúfu dregna nánast alveg niður að augum, segir litli bróðir Saliou Ciss, Pathe (20), frá því hvernig knattspyrnan hefur hjálpað fjölskyldunni. Enskan hans er ekki alveg fullkomin, svo að Jean Matar Seck, yngsti sonur Saër

Seck, hjálpar honum með að þýða. Það eru bara þeir tveir hérna. Það er auðveldara að segja frá fátæktinni sem maður ólst upp í í þriggja manna hópi en með alla hina nemendurna sem áhorfendur. „Fjölskyldan mín lifði ekki auðveldu lífi hér áður fyrr. En þegar bróðir minn, og síðar ég, fórum í Diambars, var tveimur færri að sjá fyrir, enda sér Diambars um allt," segir Pathe Ciss.

Í Diambars fær hann einnig tíma til að vinna í lærdómnum, sem hann heldur ekki að hann hefði fengið heima í Dakar. Þar hefðu önnur verkefni verið sett í forgang. Í dag hefur lífsstíll fjölskyldunnar breyst vegna velgengni stóra bróður, Saliou, sem spilaði fyrst með Tromsø og nú með Valenciennes í Frakklandi. „Saliou vill kaupa nýtt hús handa fjölskyldunni en við búum samt ennþá í sama húsinu. Það er bara miklu betra núna," segir Pathe.

Jean Matar Seck segir að það sé alls ekki auðvelt að færast á milli stétta með þessum hætti í Senegal. „Þar fyrir utan er faðir þeirra einfaldur maður. Hann óskar sér ekki gjálífis," segir Seck, sem þekkir föður Ciss-drengjanna sem þjálfarann Ibou, en hann er einn þjálfaranna í akademíunni.

Þegar hann var yngri var hann mjög efnilegur knattspyrnumaður og spilaði meðal annars í Frakklandi. „Því miður voru afrískir leikmenn ekki sérlega virtir á þeim tíma og þénuðu lítið," segir Seck.



Stuðla að hagvexti
Alls starfa 85 manns hjá Dlambars.
MYND: PERNILLE INGEBRIGTSEN

Auðvelt að taka gagnrýni þegar vel tekst til

El Hadji Mamadou Kane, eigandi næststærsta dagblaðs Senegal, íþróttablaðsins Stades, lýsir Diambars sem „verulega, verulega, verulega góðu framtaki“ og fyrirmynd sem sé til mikillar eftirbreytni þegar peningar sem þénast í Evrópu skili sér aftur til baka til Afríku. Diambars skiptir miklu máli fyrir ímynd Senegal og vegna þeirra 85 stöðugilda sem akademían starfrækir leggur hún sitt af mörkum til hagvaxtar í Saly. En Kane segir líka að það sé auðvelt að taka gagnrýni þegar vel takist til. „Í Afríku eru margir sem tala en fáir sem gera. Og sá sem framkvæmir er oft gagnrýndur,“ segir Kane.

Sumum félagsliðum finnst Diambars dýr staður að sækja leikmenn, en Jean-Marc Adjovi-Bocco vill meina að það sé rangt. „Við fylgjum reglum FIFA. Þetta snýst meira um að við viljum fá peninga fyrir að hafa alið nemendurna upp og veitt þeim menntun. Þetta snýst um að leikmennirnir, manneskjurnar, séu metnir að verðleikum. Evrópa verður að breyta sýn sinni á afrískt vinnuafl og hætta að halda að það sé ókeypis,“ segir Adjovi-Bocco.



Þurfa að vinna
Diambars vill að afrískt vinnuafl verði meira virði. Hér sjást drengir úr akademíunni þrífa rútu.
MYND: PERNILLE INGEBRIGTSEN

Hann vonast til þess að þótt nemendurnir kvarti stundum og haldi að verið sé að halda þeim frá atvinnumennsku í Evrópu skilji þeir að ástæða sé fyrir því að Diambars krefjist mikils fjár fyrir þá. Ef þeir séu nógu góðir muni Diambars hjálpa þeim að komast út, hjálpa Ousseynou og vinum hans til lífs þar sem þeir geti keypt sér „a beautiful flat“, líkt og þeir töluðu um í enskutímanum hjá herra Ousmane Niane. Kannski verða þeir knattspyrnumenn í Barcelona, Marseille eða París. Kannski verða þeir ráðherrar í Dakar. Því draumurinn lifir.



Dúndurfréttir vilja koma The Wall til almennings

Tribute-bandið notast við hópfjármögnun til að fjármagna gerð DVD-disks af tónleikum sínum.

MARKAÐSMÁL
Karolina Fund
@karolinafund

Hljómsveitin Dúndurfréttir hélt á dögunum þrenna uppselda hljómleika í Eldborg, þar sem The Wall eftir Pink Floyd var flutt í heild sinni. Með Dúndurfréttum var 35 manna sinfóníuhljómsveit ásamt Bernharði Wilkinson stjórnanda, 30 manna kór, Hljómeyki, og 20 krakkar úr Kársnesskóla.

Þegar mest lét voru yfir 90 manns á sviðinu. Það er mat margra sem fóru á þessa hljómleika að þeir hafi verið með þeim flottari sem haldnir hafa verið í Eldborg.

Þetta var allt saman tekið upp í hámarksgæðum, bæði

hljóð og mynd. Og nú er hugmyndin að gefa þetta út saman á DVD og CD. Nú er staðið að hópfjármögnun á útgáfunni á Karolina Fund.

Nokkurra ára gömul hugmynd

Pétur Örn Guðmundsson, söngvari og hljómborðsleikari Dúndurfrétta, segir hugmyndina um að reyna að gefa út DVD með tónleikum hljomsveitarinnar hafa kviknað fyrir nokkrum árum. Ekkert varð af slíku vegna þess kostnaðar sem þeirri útgáfu fylgdi. Á þeim tíma var hópfjármögnun óþekkt fyrirbæri á Íslandi. Svo þegar þessir tónleikar voru skipulagðir kviknaði aftur sá draumur hjá hljómsveitinni að finna leiðir til að geta gefið út DVD-disk. Pétur segir að þá hafi meðlimir hennar munað eftir því að hafa séð í fjölmiðlum að Sirkus Íslands var að fara að hefja söfnun fyrir stóru og veglegu sirkustjaldi. „Til þess ætluðu þau í Sirkusnum að nota eitthvað sem heitir Karolina Fund. Við ræstum tölvur okkar, fórum á netið, fundum karolinafund.is og sáum að tónlistarmaðurinn Pétur Ben hafði fjármagnað hljómplötu sína með þessum hætti. Við settum okkur í samband við það góða fólk sem sér um Karolina Fund og saman stefnum við nú að því að geta látið drauminn um að gefa út The Wall-tónleika okkar Dúndurfrétta á DVD-diski.“



Hvert stefnið þið með Dúndurfréttir?

„Með þessari útgáfu vonumst við til að kynna hljómsveitina fyrir enn fleiri tónlistarunnendum og stefnum á að spila um ókomna tíð fyrir aldurslausan hóp fólks sem deilir ástríðu okkar á klassísku rokki. Við eigum tuttugu ára

starfsafmæli á næsta ári og viljum geta farið inn í það ár með glæsilegan DVD-disk í farteskinu. Við höfum alla tíð haft gríðarlega gaman af því að spila á tónleikum og viljum halda því ótrauðir áfram.“

Hvernig byrjaði þessi hljómsveit og hvernig getur tribute-band náð svona miklum vinsældum?

„Við hófum að spila saman árið 1995 og spiluðum nær eingöngu á Gauki á Stöng fyrstu árin. Við vorum, og erum, bara lítill hópur vina sem hafði dálæti á klassísku rokki og elskuðum að spila það, og gerum enn. Svo hafði tónleikahaldarinn og útgefandinn Guðbjartur Finnbjörnsson samband við okkur um að prófa að gera stærri tónleika.



Á þessum tíma var það óþekkt að tribute-hljómsveit héldi tónleika í stóru húsi en við tókum áhættuna og spiluðum Pink Floyd-verkið Dark Side of the Moon í heild sinni í Borgarleikhúsinu árið 2000. Það urðu nokkrir uppseldir tónleikar og þar með var ísinn brotinn og kom berlega í ljós að fólk hafði mikinn áhuga á að sjá vel þekkta tónlist flutta af öðrum í stóru tónleikahúsi. Síðan þá höfum við yfirleitt haldið eina stóra tónleika á ári með þessu sniði í Reykjavík og stundum einnig Akureyri ásamt því að spila á smærri tónleikum víðs vegar um land.“



Ónytjungar og meðlagsgreiðslur

Dóri DNA skrifar um ný fjölskyldumynstur, meðlag og kerfi sem gerir ráð fyrir að annað foreldrið sé ónytjungur.

Ég á tvö börn með tveimur konum. Pilt og stúlku. Pilturinn er þriggja ára. Hann fæddist ekki inn í neins konar samband né sambúð en ég og móðir hans höfum alið hann upp í sameiningu frá fæðingu. Þegar hann var 18 mánaða gamall fór hann á leikskóla og hefur síðan þá dvalið eina viku hjá mér og þá næstu hjá mömmu sinni. Þær vikur sem hann er ekki með mér gengur kærasti hennar honum í föðurstað og þær vikur sem hann er hér er unnusta mín mamma hans. Hann er drengurinn okkar allra. Þar af leiðandi á hann líka næstum því tíu ömmur og afa.

Þetta er nýja fjölskyldumynstrið sem sumir hafa áhyggjur af. En ekki ég. Það er bara margfalt meiri gleði og ást í loftinu.

Flækjustigið er ekki einu sinni eitthvað sérstaklega hátt. Skiptumst á að hafa hann á jólum og áramótum, höldum barnaafmæli í sameiningu. Sendum myndir af honum og

hans bralli á milli þegar eitthvað skemmtilegt hendir, og oftar en ekki er ömmu og afa hersingin CC-uð með. Það er ekkert meðlag. Við skiptumst á að borga leikskólagjöld og öðrum tilfallandi kostnaði er deilt þegar hann kemur upp. Það er engin kergja. Ekkert passíft agressíft viðmót. Engin kaldhæðni eða biturð. Pilturinn er ekki yfirheyrður um gang mála á hinu heimilinu, eða bannað að tala um hvað mótorhjól afa síns sé flott. Mér fannst fyndið að heyra að stjúppabbi hans svæfi alltaf á typpinu og ég veit að þeim finnst gaman að heyra hann tala um litlu systur sína, sem er að hans sögn með mjúkt bak. Þetta er bara lífið eins og það á að vera. Allir kátir.

„Mér fannst fyndið að heyra að stjúppabbi hans svæfi alltaf á typpinu.“

Ég í „Aldrei án dóttur minnar“-gír

Þar sem drengurinn fæddist ekki inn í skráða sambúð eða hjónaband hefur hún haft forræðið. Við ætluðum að breyta þessu um daginn. Fyrir mér var þetta ofsalegt réttlætismál og ég var í massífum *Aldrei án dóttur minnar*-gír niðri í Skógarhlíð, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík er með sitt klúbbhús.

Konan sem tók á móti okkur var indæl. En viðmót hennar var eins og hún væri að sætta deilur.

Í fljótu bragði virðast réttindi mín ekki hafa breyst neitt, nema ég varð að skrifa undir pappír þar sem ég skuldbind mig til þess að borga meðlag, gagnvart löggjafanum að minnsta kosti. Kerfið á víst engin úrræði fyrir fólk sem vill bara deila kostnaði. Hún ætlar svo sem ekki að innheimta meðlagið, en mér finnst mjög óþægilegt að vita til þess að löggjafinn heimti að ég borgi þetta. En ef þau lenda í klóm mannræningja þegar hann verður 17 ára? Óbilgjarnra náunga sem fara að búa heima hjá þeim og krefja hana um að rukka allt meðlagið aftur í tímann? Þetta er ekkert mjög óþægilegt fyrir mig, en samt.

Konan ítrekaði oft að réttindin væru algjörlega þeim megin þar sem barnið er með lögheimili og ef deilumál kæmi upp væri hægt að leita til sýslumanns upp á sættir.

Hættur að vera skoðanaglaður imbi

Hvaða kjaftæði er þetta? Af hverju gerir kerfið ráð fyrir því að annað foreldrið (yfirleitt faðirinn) sé ónytjungur og að samskiptin séu í molum? Af hverju getum við ekki sem erum að ala upp lítinn sjomla í mesta bróðerni ekki bara mætt þarna upp eftir og sagt: svona viljum við hafa það, reddið essu?

„Hvaða kjaftæði er þetta? Af hverju gerir kerfið ráð fyrir því að annað foreldrið (yfirleitt faðirinn) sé ónytjungur og að samskiptin séu í molum?“

Hvar er motherfokking mannúðin, og trúin á hvað við erum öll æðisleg. Það má vel vera að breyta þurfi lögunum svo að hægt verði að dæma sameiginlegt forræði og tvöfalt lögheimili barna og allt það. Höfum öryggisnetið strengt hátt og þétt í öllum þeim tilvikum þar sem það á við. En við verðum að komast til móts við fólk sem er með allt sitt á hreinu og ekki með því að beygja það undir forræðisdeilu-garganið allt saman.

Annars er ég hættur að hafa skoðanir á hlutunum eftir kosningarnar í vor. Greip sjálfan mig við að breytast í það sem ég þoli ekki – skoðanaglaðan imba. Ætla að nota sumarið í að þróa með mér nýjar skoðanir og helst læra að sitja á þeim.

Fyrir fjórum árum neitaði Jón Gnarr að fara í meirihlutastarf nema með fólki sem hefði séð sjónvarpsþættina The Wire. Merkilegt hvað endapunkturinn í sögu Besta flokksins er Wire-esque. Allt þetta tal og barátta fyrir mannréttindum og kviss búmm – Framsókn fær tvo fulltrúa í borgarstjórn á ógeðfelldum forsendum.

Call it a crisis of leadership – Prop Joe.